

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Græddu á gulli
á Grand Hótel

Staðgreiðum
allt gull,
silfur, demanta
og vonduð úr.

Í dag frá kl 11:00 til 19:00
Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupungull.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

25. júní 2012
147. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeim tölukömum Capacent Gallup í maí - maí 2012



Gerir spilastokk

Hugleikur Dagsson sendir frá sér stórskemmtilegan spilastokk.

popp 26

Skóli fyrir 1.000 börn

ABC barnahjálpar hefur keypt lóð í Naíróbí þar sem allslaus börn fá heimili.

tímamót 14




Haraldur og Signý best

Haraldur Franklín Magnús og Signý Arnórsdóttir eru Íslandsmeistarar í holukeppni.

sport 20

veðrið í dag



BJART MEÐ KÖFLUM víða um land en stöku síðdegisskúrir. Hægur vindur eða hafgola og hiti á bilinu 7 til 20 stig.

VEÐUR 4

Tekjuskattar óbreyttir 2013

Tekjuskattar á einstaklinga og almennir skattar á fyrirtæki verða óbreyttir á næsta ári. Gerð verður krafa um 1% aðhald. Oddný G. Harðardóttir segir það eðlilegt. Hún væntir þess að vera áfram fjármálaráðherra.

STJÓRN MÁL Tekjuskattur á einstaklinga og skattar á fyrirtæki verða ekki hækkaðir á næsta ári. Krafa verður gerð um eins prósent niðurskurð í ríkisrekstri. Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra segir það eðlilega aðhaldsaðgerð.

Oddný segir að staðið verði við áætlun um ríkisbúskap 2012 til 2015, en þar er gert ráð fyrir eins prósent aðhaldi.

„Það er ekki hægt að tala um niðurskurð þegar við erum með rétt innan við eitt prósent af veltunni í aðhald. Það má í raun segja að svo ætti að vera í eðlilegu árferði, til að rýma til fyrir öðrum verkefnum og halda ríkisbúskapnum á þeim stað sem við ráðum við. Gert var ráð fyrir því í áætluninni og við stöndum við það.“

Það er ekki hægt að tala um niðurskurð þegar við erum með rétt innan við eitt prósent af veltunni í aðhald.

ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR
FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Ríkisstjórnin mun einnig standa við yfirlýsingar í skattamálum, að sögn fjármálaráðherra.

„Það er ekki gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki eða almennur skattur á fyrirtæki. Svo verður ekki. Við erum að setja þetta saman núna og það er öruggt að þessir stóru póstar hækka ekki.“

Oddný þvertur þó ekki fyrir að farið verði í einhverjar breytingar á öðrum sköttum, en vill ekki tjá sig frekar um það á meðan vinna við fjárlögin stendur yfir.

Samkvæmt breyttum þingsköpum verða fjárlögin fyrsta mál á dagskrá Alþingis þegar það kemur saman í haust, 11. september. Þá mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp um breytta umgjörð opinberra fjármála í haust.

Oddný væntir þess að hún verði fjármálaráðherra áfram, en nokkur óvissa hefur ríkt um hvernig þeirri stöðu verður skipað. Oddný var sett í embættið um áramótin þegar farið var í hrókeringar í ríkisstjórn, en tekið fram að ekki væri víst að sú skipan héldist lengi. Oddný segir þau mál

enn óviss, þó vilji hennar standi til áframhaldandi setu í stóli fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra hefði kosið að veiðigjöldin hefðu ekki verið lækkuð í meðförum Alþingis. Hún segir Íslendinga geta verið stolta af þeirri kerfisbreytingu.

Alþingiskosningar verða eftir tæpt ár og Oddný segir mikilvægt að jafnaðarmenn verði áfram við stjórnvölinn á næsta kjörtímabili.

„Jafnaðarmenn eru ekki bara flinkir í því að taka til eftir óreiðu og óráðsú ihaldsmanna, en við höfum sýnt að við getum gert góða hluti þar. Við eigum líka að fá tíma til þess að njóta árangurs þess erfiðis, að minnsta kosti á næsta kjörtímabili. Það skiptir mjög miklu máli.“ - kóp / sjá síðu 10



FRUMKVÖÐLAR HITTAÐ Fjölmennt var við biskupsvíglu Agnesar M. Sigurðardóttur í Hallgrímskirkju í gær. Meðal þeirra var Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Vigdís var sem kunnugt er fyrsti kvenforseti landsins og Agnes er fyrsti kvenbiskupinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Séra Agnes M. Sigurðardóttir er nýr biskup yfir Íslandi eftir vígsluathöfn í gær:

Fyrsti kvenbiskupinn vígður

FÓLK Séra Agnes M. Sigurðardóttir var í gær vígð sem biskup Íslands við athöfn í Hallgrímskirkju.

Karl Sigurbjörnsson, fráfarandi biskup, og vígslubiskupar þjóðkirkjunnar vígðu hana í embættið og ellefu erlendir biskupar voru meðal vígsluvotta.

Fráfarandi biskup sagði í

ræðu sinni að biskup væri í raun tilsjónarmaður, sá sem hefði yfirsýn og sæi til þess að kirkjan sinni hlutverki sínu. Því væru skýr sjón og vakandi vitund nauðsynlegir kostir í fari biskupa.

„Nú þarf að setja það markmið að fjölga í kirkjunni og finna leiðir til þess,“ sagði Agnes í ræðu sinni við athöfnina. „Við þurfum að vera

eins og hirðirinn sem leitar eða konan sem leitar. Þau leituðu þar til þau fundu og þannig eiga vinnubrögð okkar að vera. Við viljum ná til þeirra sem ekki eru í félaginu. Við eigum að gera það með gleði og áhuga,“ sagði Agnes einnig.

Agnes er fyrsta konan til að gegna embætti biskups Íslands.

- þeb

★★★★★
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN

ELDAR KVIKNA
SUZANNE COLLINS

HUNGURLEIKARNIR
HALDA ÁFRAM

www.forlagid.is

SKJÁTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ!

Glæsileg sambyggð tölva og 24" snertiskjári háskerpu. Þráðlaust lykklaborð og mús, fjarstýring með lykklaborði, HD vefmyndavél og Dolby hjóðkerfi.

SÉRSTAKT 21,5" 139.990
KYNNINGARVERÐ 24" 159.990

redmi design winner 2011

tl.is

TÖLVU LISTINN

Njújung!

D-VÍTAMÍNÞRETT
LÉTTMJÓLK

MJÓLKURSAMSLAN



Hafið þið fengið áhorfendur til að éta úr lófanum á ykkur?

Tja, þetta hefur allavega oft orðið ansi blóðugt.

Óskar Eiríksson framkvæmdastjóri Leik-húsmógulsins sem framleiðir mannætu-söngleikinn Silence!



OLÍA Oluíufélögin Oljefeltene Osberg og Heidrun munu þurfa að stöðva framleiðslu sína, en það getur tekið upp undir fimm daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkfall í olúíuðnaði:

300 milljarðar tapast daglega

NOREGUR Hátt í 700 starfsmenn á norskum oljuborþalli í Norður-sjú lögðu niður störf á laugardagskvöldið og hófu verkfall. Talið er að með verkfallinu tapist 300 milljarðar íslenskra króna á sólarhring. Þetta kemur fram á vefnum Vg.no.

Samningaviðræður stranda á kröfum launþega sem krefjast tveggja vikna feðraorlofs á launum ásamt bættum lífeyrisréttindum á við stjórnendur. Þetta sættast atvinnurekendur ekki á og benda á að fyrir séu starfsmenn olúíuðnaðarins með bestu lífeyrisréttindin í landinu. - ktg

Slys um helgina:

Tvö fótbrot við Esju og Gullfoss

SLYS Björgunarsveitir komu konu til hjálpar á Esjunni um miðnætti aðfaranótt sunnudags. Hún reyndist vera fótbrotin.

Laust fyrir miðnætti barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynning um slasaða konu. Björgunarsveitir fóru á vettvang og fundu konuna. Hún var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysadeild.

Þá fótbrotnaði erlendur ferðamaður við Gullfoss í gær þegar honum skrikaði fótur á göngustíg. Hann var fluttur með sjúkrahúsi á slysadeild. - þeb

Hópreið 200 knapa var í gær en Landsmót hestamanna hefst í Reykjavík í dag:

Búist við 10 til 15 þúsund gestum í Víðidal

HESTAMENNSKA Landsmót hestamanna hefst í dag en í ár fer mótið fram í Víðidal í Reykjavík. Mikill viðbúnaður hefur verið í dalnum í aðdraganda mótsins en búist er við 10 til 15 þúsund gestum.

„Hér er mikil eftirvænting og allir á fullu að hjálpast að við að gera Víðidalinn sem hátíðlegastan. Það er lagt mikið í skreytingar en öll aðstaða hér er til fyrirmyndar og nóg af plássi fyrir áhorfendur, keppendur og hross,“ segir Hilda Karen Garðarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Landsmóts.

Í gær var svokölluð hópreið sex féлага á höfuðborgarsvæðinu á Landsmót en hátt í 200 knapar tóku þátt í henni. Tilgangurinn er að halda í gamlar hefðir landsmótsins.

Um 1.000 hross verða á landsmótinu í ár og eru knaparnir á öllum aldri, frá sjö ára upp í sjötugt. Mótið hefst klukkan 8 í dag en sjálf setningarathöfnin verður ekki fyrr en á fimmtudaginn. Þá er forkeppnum lokið og úrslitin hefjast. Mótinu lýkur síðan sunnudaginn 1. júlí með verðlaunaafhendingu.

Hilda Karen vill beina því til gesta að takmarka bílaumferð um Víðidalinn á meðan á mótinu stendur og reyna frekar að koma fótgangandi, á hjóli eða notast við almennings-samgöngur.

Strætó hefur útbúið sérstaka akstursleið frá Lækjartorgi í Víðidal á meðan mótið stendur yfir. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á strætó.is. - áþ



TJALDSTANGIR MUNDABAR Gestir Landsmóts hestamanna voru í óða önn að koma sér fyrir í Víðidalnum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins kíkti við síðdegis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bræður björguðu kafara úr lífsháská

Bræðurnir Valdimar og Gísli Axelssynir björguðu kafara úr sjónum við Hjalteyri á laugardag. Þeir heyrðu hann hrópa á hjálp og fóru á bát sínum til leitar. Þeir drógu manninn í land og björguðu að öllum líkindum lífi hans með því.

SLYS „Við heyrðum hrópað á hjálp en vissum ekki hvaðan kallið kom,“ segja Valdimar og Gísli Axelssynir sem björguðu kafara úr lífsháská við Hjalteyri í Eyjafirði í fyrradag.

Þegar bræðurnir urðu varir við köllin stukku þeir um borð í bát sinn og sigldu út úr höfninni.

„Þegar við komum úr höfninni sáum við eitthvað standa upp úr sjónum. Þegar við komum nær reyndist þetta vera kafari. Hann hafði orðið loftlaus og var búinn að missa öll tók og búinn að losa sig við flesta kúta og þess háttar,“ segir Gísli. Kafarinn, sem er þrautþjálfaður, var eins og gefur að skilja farinn að óttast um líf sitt og vissi að hann væri kominn með kafaraveiki, enda hafði hann verið á miklu dýpi og þurft að fara hratt upp.

Bræðurnir áttu erfitt með að ná kafaranum um borð og brugðu þá á það ráð að binda hann við síðu bátsins og sigla þannig með hann í land. „Við erum líka vanir að draga blöðruseli með þessum hætti,“ segir Gísli og hlær. „Hann hresstist nú allur við þegar við náðum honum.“ Bræðurnir sigldu með kafarann í land þar sem konur þeirra hlúðu að honum og hringdu í Neyðarlínuna. Kafarinn hafði ekki verið einn á ferð og fóru bræðurnir því aftur út til að leita að félaganum hans. „Þegar við fundum hann var hann bara á kafi að leika sér,“ segir Valdimar. Kafararnir tveir höfðu orðið viðskila.

Að sögn bræðranna var kafarinn strax viss um að hann væri með kafaraveiki og þyrfti því að fara á Landspítalann, en þar er eini




MANNBJÖRG VIÐ HJALTEYRI Bræðurnir heyrðu köll kafarans úr sjónum og sigldu út til að finna hann. MYND/HIMMI

Þegar við komum úr höfninni sáum við eitthvað standa upp úr sjónum. Þegar við komum nær reyndist þetta vera kafari.

þrýstijöfnunarklefinn á landinu. Maðurinn var fluttur með sjúkrahúsi frá Akureyri til Reykjavíkur. Hann var fluttur á Landspítalann. Töluverður fjöldi kafara gerir út frá Hjalteyri og þar er meðal annars hægt að finna einstakar strýtur. kristjan@frettabladid.is

Hjalteyri við Eyjafjörð



FACEBOOK Nú geta notendur síðunnar breytt athugasemdum sínum.

Nýr fíðus á Facebook:

Hægt að breyta athugasemdum

TÆKNI Facebook hefur nú tekið upp nýjan fíðus sem gerir notendum kleift að breyta athugasemdum sem þeir hafa sett inn. Ekki þarf því lengur að ergja sig svo yfir innsláttar- eða stafsetningarvillum að heilu athugasemduunum sé eytt út, þó enn sé boðið upp á þann möguleika.

Breytingin var kynnt fyrir helgi og hefur verið að taka gildi hjá notendum síðan. Talsmaður Facebook sagði við bandarísku fréttastofuna CNN að breytingasagan muni sjást þannig að aðrir notendur muni hafa betri skilning á umræðunum. Það mun því sjást hvort ummælum er breytt þannig að þau verði úr öllu samhengi. - kóp

Skemmdarvargur eftirlýstur:

Spreyjaði yfir verk Picasso

BANDARÍKIN Skemmdarvargur spreyaði yfir málverk eftir Pablo Picasso á listasafni í Houston.

Uriel Landeros, 22 ára, sést á upptöku spreya spænska orðið „conquista“ yfir málverkið „Konan í rauða stólnum.“ Málverkið er eitt af meistaraverkum spænska listmálarans en Landeros, sem er nemi í háskólanum í Houston, á yfir höfði sér bæði fangelsisvist og peningasekt vegna athæfisins. Gretchen Sammons, talskona safnsins, segir að sem betur fer bendi allt til þess að hægt verði að laga málverkið. - áþ

Bræðralag múslima mun halda áfram að mótmæla herráðinu í landinu:

Morsi nýr forseti Egyptalands

EGYPTALAND, AP Mohammed Morsi, frambjóðandi Bræðralags múslima, bar sigur úr býtum í forsetakosningum í Egyptalandi. Þetta var tilkynnt í gær.

Gríðarlegur fjöldi fólks var samankominn á Frelsisstorginu í Kaíró í gær, líkt og síðustu daga. Þar hafa meðlimir Bræðralags múslima og aðrir mótmælt hernum og herráðinu í landinu. Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar tilkynnt var um úrslitin. Þrátt fyrir úrslitin hefur bræðralagið heitið því að halda áfram mótmælunum.

Herráðið setti nýja bráðabirgðastjórnarskrá fyrir mánuðinum og takmarkaði völd forsetans verulega. Þá úrskurðaði stjórnlagadómstóll í landinu nokkrum dögum fyrr að þingkosningar hefðu verið ólöglegar og leysa ætti upp þingið. Þetta segir bræðralagið að sé valdarán. Herinn hefur sagst ætla að afhenda nýjum forseta völdin í landinu. Á mánudag var tilkynnt að öryggisráð hersins yrði endurreist, sem þýðir að hershöfðingjar stjórnðu öryggismálum landsins.

Morsi fékk 51,7 prósent atkvæða í seinni hluta forsetakosninganna.

„Ég heiti því að vera forseti sem þjónar fólki sínu



FAGNAÐ Á FRELSISTORGI Niðurstöðum forsetakosninganna var fagnað ákaft á torginu í gær. Áfram verður þó mótmælt á torginu næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

og vinnur fyrir það. Ég mun ekki svíkja guð í því að verja réttindi ykkar og réttindi þjóðarinnar,“ sagði Morsi á heimasíðu sinni í gær. - þeb

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Finnst þér allir vera að hvísla?

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Vertu
snjallari
með Nova!

Græjaðu þig upp fyrir sumarið hjá Nova!

500 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði
fylgir þessum
farsíma!



LG Optimus L3

1.990 kr. í 12 mán.

19.990 kr. stgr.

500 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!



Samsung Galaxy Y

2.290 kr. í 12 mán.

24.990 kr. stgr.



500 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

Samsung Galaxy S

1.790 kr. í 12 mán.

16.990 kr. stgr.



500 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

HTC Explorer

2.790 kr. í 12 mán.

29.990 kr. stgr.



Nova vinnuhanskar

490 kr.


Nova fótbolti

990 kr.



URBANEARS

11.990 kr.



Söngbók Nova

0 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,72	126,32
Sterlingspund	196,11	197,07
Evra	157,7	158,58
Dönsk króna	21,21	21,334
Norsk króna	21,083	21,207
Svænsk króna	17,913	18,017
Japanskt jen	1,5642	1,5734

SDR	190,3	191,44
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
218,6679		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Alþingi hefur afgreitt fyrstu heildstæðu lög in um losun gróðurhúsalofttegunda:

Heildarlöggjöf um loftslagsmál samþykkt

UMHVERFISMÁL Alþingi hefur samþykkt ný lög um losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er fyrsta heildstæða löggjöf á sviði loftslagsmála hérlendis.

Á vef Umhverfisstofnunar segir að markmið lagasetningarinnar sé að meginstefnu tvíþætt; að setja heildarlöggjöf um loftslagsmál og gefa með því málaflokknum tilhlýðilegan gaum sem sjálfstæðum málaflokki meðal umhverfismála, og að leiða í lög reglur um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sem er hluti af EES-samningnum. Þar er að hluta til um að ræða reglur sem þegar hafa verið lögleiddar á Íslandi og að hluta til reglur sem eru nýjar. Þetta felur í sér að Ísland

getur nú haft tekjur af viðskiptakerfinu með því að selja þær losunarheimildir sem það fær úthlutað til uppboðs á almennum markaði.

Meðal nýmæla í lögnum er að fest er í lög skylda til að gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, kostnaðarmeta hana og uppfæra með reglubundnum hætti. Eins er kveðið á um stofnun Loftslagssjóðs sem hefur það hlutverk að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, meðal annars.

Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn verði fjármagnaður með tekjum sem íslenska ríkið fær af uppboðum á losunarheimildum sem því verður úthlutað.



JÖKLAR BRÁÐNA Heildstæðu lög um losun lofttegunda taka á aðkallandi vanda og áhrifum hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bjargað í Gilsá:

Kona og tvö börn föst í bíl

SLYS Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli var kölluð út er kona og tvö börn sátu föst í bíl í Gilsá á laugardaginn.

Konan hugðist aka bílnum yfir vað í ánni, sem er norðan Markarfljóts til móts við Húsadal í Þórsmörk, en var ekki komin alla leið þegar bíllinn stöðvaðist. Töluvert vatn flæddi inn í bílinn á meðan konan beið með börnin eftir aðstoð en björgunaraðgerðir gengu vel og enginn slasaðist. - ap

Mansal í Kaupmannahöfn:

Leitað að höfuðpaurum

DANMÖRK Lögreglan í Kaupmannahöfn handtók 32 vændiskonur í lögregluáðgerð á Vesturbú í liðinni viku. Nú hefur komið í ljós að þrjár kvennanna voru seldar mansali. Lögreglan leitar nú þeirra sem stóðu að baki mansalinu. Frá þessu er greint á fréttavef Politiken.

Konurnar 32 sem lögreglan handtók eiga allar uppruna sinn að rekja til Afríku, aðallega Nígeríu. Lögreglan hefur farið fram á að nítján þeirra verði vísað úr landi.

Konunum sem seldar voru mansali var komið í öruggt skjól en unnið er að því að aðstoða þær við að komast til síns heima. - ktg

NOREGUR

Skutu upp eldflaug

Norðmenn skutu upp sjö tonna eldflaug síðastliðið föstudagskvöld. Eldflaugin er sú stærsta sem Norðmenn hafa skotið upp hingað til. Tilgangur skotsins var að kanna nýja tækni sem hægt verður að nota í evrópskri geimflaug í framtíðinni.

Sjálfbærni er markmiðið en leiðin að því á huldu

Þjóðir heimsins sammæltust á ráðstefnu SP í Ríó um að stefna að sjálfbærri framtíð. Aðalritari SP boðaði útrýmingu fátæktar. Fulltrúar 190 ríkja skrifuðu undir samning um að koma á sjálfbærnimarkmiðum.

FRÉTTASKÝRING

Hvað kom út úr Ríó+20?

Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna (SP) sendi ákall til þjóðarleiðtoga, viðskiptalífsins og félagasamtaka um að útrýma hungri á jörðinni í ávarpi sínu á Ríó+20 ráðstefnu SP í Brasilíu. Ráðstefnunni lauk á föstudag og líkt og við var búist voru þar engar bindandi ákvarðanir teknar.



BAN KI-MOON

Aðalritarinn sagði að um 1 milljarður manna færi svangur að sofa á hverju kvöldi og við það yrði ekki unað. „Við getum ekki hvílst á meðan svo margir eru svangir í heiminum þegar nægur matur er til fyrir alla,“ sagði Ban Ki-moon.

„Einhverra hluta vegna er þessum mat ekki skipt á jafnan og sanngjarnan máta. Sumir lifa við velmegun en fólk á jaðrinum býr við hungur. Við vitum að þessu verður að breyta.“ Nokkur viðbrögð urðu við ákallinu og til að mynda lofaði Nick Clegg, aðstoðarforsetisráðherra Bretlands, 150 milljóna punda fjárframlagi í alþjóðlegan sjóð gegn loftslagsbreytingum, að sögn Guardian. Féð á að styðja við 6 milljónir bænda, aðallega í Níger og Eþíópíu.

Lokaskjal ráðstefnunnar olli

miklum vonbrigðum. Samanburðurinn við fyrri Ríóráðstefnuna árið 1992 er ekki hagstæður, en þar tókst að vekja vitund alþjóðasamfélagsins á vanda málu tengdum loftslagsmálum. Lokaskjal Ríó+20 ber með sér að þjóðir heimsins vita af vandanum og því hvernig á að taka við hann, en eru ekki ennþá reiðubúnar til að skuldbinda sig til þess.

Eitt það mikilvægasta sem kom þó út úr ráðstefnunni eru sjálfbærnimarkmið (e. Sustainable Development Goals). Fulltrúar 190 ríkja skrifuðu undir samkomulag um að koma markmiðunum á fót.

Sjálfbærnimarkmiðin sækja fyrirmynd sína til Þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem sett voru árið 2000, en þeim var sérstaklega beint gegn fátækt og örbirgð.

Markmiðin um sjálfbærni eiga að styrkja umsýslu umhverfismála á alþjóðavísu, efla verndun sjávar, auka fæðuöryggi og koma á fót grænu hagkerfi.

Allt eru þetta háleit og fögur markmið, en á meðan ekki fylgja fjármunir og lagalega bindandi samningar verða þau ekkert annað en fögur orð á blaði. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna leyfði sér þó að vera bjartsýnn.

„Ríó er ekki endastöðin, heldur upphafið. Upphaf ferlis skilgreininga á sjálfbærnimarkmiðum sem byggja á þúsaldarmarkmiðunum, til að vernda mannkynið og jörðina, til að skapa þá framtíð sem við óskum.“

kolbeinn@frettabladid.is



VONBRIGÐI Fulltrúar félagasamtaka töldu útkomu ráðstefnunnar vonbrigði, þar sem ekki náðust bindandi samningar um aðgerðir í loftslagsmálum.

NORDICPHOTOS/AFP

Frjáls félagasamtök ósátt

„Ein helsta þversögn Ríó +20 er að í lokaskjalinu er margsinnis áréttað mikilvægt framlag frjálsra félagasamtaka til sjálfbærrar þróunar, þau eru hyllt og starf þeirra lofað. En slíkur fagurgali virkar eins og sviksamlegt klapp á kollinn þegar ráðamenn hafa að engu kröfur umhverfis- og hjálparamtaka um að vísindalegar niðurstöðu skuli liggja til grundvallar ákvarðanatöku, að fyrri samþykktir skuli virtar og þeim framfylgt.“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, á íslenski Facebook-síðu um ráðstefnuna.



ÁRNI FINNSSON

FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	30°
Berlín	17°
Billund	18°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	29°
London	18°
Mallorca	30°
New York	25°
Orlando	27°
Ósló	20°
París	20°
San Francisco	19°
Stokkholmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÓDÝRASTI TÚNFISKURINN Í BÓNUS

159 kr.
185 g



B  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að lesa glæpasögu í sumar?

Já	37,8%
Nei	62,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er billinn þinn ellefu ára eða eldri?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Formaður Sjálfstæðisflokksins vill skoða fækkun þingmanna:

Jóhanna vill að ráðherrar víki af þingi

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vill skoða þá hugmynd að ráðherra víki af Alþingi þegar þeir hafa verið skipaðir. Hún telur að slík breyting mundi styrkja þingræðið. Forsætisráðherra kom inn á málið í hátiðarræðu sinni 17. júní.

„Margir eru þeirrir skoðunar að ráðherrar eigi ekki að gegna þingmennsku þegar þeir hafa verið skipaðir í embætti. Þessi fækkun og stækkun ráðuneyta gefur svo sannarlega tækifæri til þess að raungera þá hugmynd. Sú róttæka breyting myndi að mínu

mati styrkja þingræðið og hvet ég til þess að þetta mál verði skoðað af fullri alvöru.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir galla á þessari hugmynd að stjórnarflokkar hverju sinni fái þá þingmenn í stað þeirra ráðherra sem víkja sæti um leið og ráðherrar hafi áfram



BJARNI BENEDIKTSSON

málfrelsisrétt á Alþingi. Þannig halli verulega á stjórnarandstöðuna hverju sinni.

„Það má velta því fyrir sér hvort hreinlega eigi ekki að fækka þingmönnum,“ segir Bjarni og vísar til þess að nýir þingmenn kæmu þá ekki inn fyrir þá ráðherra sem vikju. „Ég tel í það minnsta ekki tilefni til að gera breytingar sem myndu í raun fjölga kjörnum fulltrúum.“

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði fram frumvarp um málið á síðasta þingi, en það féll niður. - kóp

Sádar ekki dæmdir úr leik:

Konur keppa á Ólympíuleikum

SÁDI-ARABÍA, AP Íþróttakonur frá Sádi-Arabíu fá að taka þátt í Ólympíuleikum í fyrsta skipti á leikumum í London í ágúst.

Sendiráð landsins í Bretlandi tilkynnti þetta í gær. Ákvörðunin bindur enda á vangaveltur um það hvort hægt væri að dæma alla Ólympíusveit landsins úr leik vegna kynjamisréttis. Stjórnvöld í Sádi-Arabíu segja að þar sem aðeins nokkrar vikur séu í leikana sé aðeins ein íþróttakona tilbúin til að keppa. Ákvörðunin er mjög umdeild í landinu. - þeb



WOLFGANG SCHÄUBLE Fjármálaráðherra Þýskalands, sagði Grikkir eiga að hætta að biðja um aðstoð og fara frekar að framkvæma gefin loforð. NORDICPHOTOS/AFP

Schäuble ráðleggur Grikkjum:

78% Þjóðverja vilja Grikkland af evrusvæðinu

ÞÝSKALAND Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, tjáði sig um stöðu Grikklands innan Evrópusambandsins í samtali við dagblaðið Bild am Sonntag í gær. Í viðtalinu ráðlagði Schäuble Grikkjum og sagði að þeir þyrftu að hætta að biðja um meiri aðstoð og snúa sér frekar að því að framkvæma gefin loforð.

Í könnunum sem birtar voru í blaðinu samhliða viðtalinu mátti sjá að Grikkir hefðu tapað trausti annarra Evrópubjóða. Könnunin, sem 4.000 Evrópubúar tóku þátt í, sýnir að 78% Þjóðverja og 65% Frakka vilja að Grikkir yfirgefi Evrópusvæðið og eru 51% Spánverja og 49% Ítala sömu skoðunar. - áþ

Tvær háar brýr yfir Elliðaár

Reisa á tvær 18 metra háar brýr við Elliðaárósa. Formaður dómnefndar segir brýrnar áberandi en þó ekki yfirþyrmandi á svæðinu. Eru hluti af hjólreiðaáætlun Reykjavíkur og sagðar geta orðið ákveðið kennileiti.

SAMGÖNGUR Tvær brýr fyrir gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn munu rísa við Elliðaárósa á næstunni. Burðarrámmar þeirra munu ná átján metra upp í loftið og vera 40 metra langir. Borgin og Vegagerðin standa að framkvæmdinni og hafa veitt 160 milljónir króna í verkið.

Haldin var samkeppni um hönnun brúnna fyrr í ár, en í dómnefndarálitinu er vinnings-tillagan sögð „einföld, frumleg og djarfleg“.

Í álitu dómnefndarinnar segir að mannvirkið geti orðið ákveðið kennileiti, vakið áhuga fólks á svæðinu og stuðlað að aukinni notkun svæðisins til útivistar.

Ámundi Brynjólfsson, formaður dómnefndarinnar, segir brýrnar hluta af stærri betrubótum á samgöngukerfi þessa svæðis.

„Brýrnar eru hluti af hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarstjórn fyrir nokkru síðan og hefur það að markmiði að gera hjólreiðar að almennum samgöngumáta.

Framkvæmdirnar við Elliðaárarnar stytta vegalengdina frá Grafarvogi og Mosfellsbæ niður í miðbæ um 700 metra.“

Ámundi segir að dómnefndinni hafi fundist brúin passa vel á þessum stað.



GÖNGU- OG HJÓLABRÝRNAR Eins og þær litu út í vinningstillögunni, en strax í maí átti frekari útfærsla á tillögunni að hefjast. MYND: TEIKNIstofan TRÖÐ

„Þetta þykir áberandi en ekki yfirþyrmandi í umhverfinu.“

Karl Sigurðsson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, segist ánægður með tillöguna.

„Mér finnst hún mjög fín, ég er mjög hrifinn af þessari vinningstillögu. Mér fannst reyndar tillögunar í þremur efstu sætunum mjög góðar. Það hefur verið

erfitt fyrir dómnefndina að velja.“ Gert er ráð fyrir að verkið verði sett í útboð í september og að verklok verði í maí 2013.

katrin@frettabladid.is



Hollusta í hveli!

Gamli, góði hafragrauturinn í handhægu máli sem auðvelt er að grípa með sér hvert sem er. Þú bætir við heitu vatni og hann er tilbúinn á tveimur mínútum.



© NESTLÉ / SIDA / PHOTOBIZ



DRUSLUGANGAN Í REYKJAVÍK Mikill fjöldi tók þátt í göngunni og segja skipuleggjendur að fleiri hafi gengið með þeim núna samanborið við í fyrra. MYND/BOÐI LOGASON

Fjöldi fólks mótmælti kynferðislegur ofbeldi:

Meint drusluganga

SAMFÉLAGSMÁL Þúsundir tóku þátt í druslugöngunni sem haldin var í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Akureyri á laugardaginn.

María Lilja Þrastardóttir, einn skipuleggjandi göngunnar, var ánægð með viðburði helgarinnar.

„Gangan gekk svakalega vel. Umræðan um nauðganir snerist á einhvern undraverðan hátt, kom upp á yfirborðið og varð alveg dásamleg. Við fundum sterklega fyrir því að það er mikill vilji til þess að gera eitthvað í þessum málaflökki.“

María sagðist þó ekki viss hvort ganga yrði haldin aftur að ári.

„Ef við þurfum það. Ef það rétt-

læti sem við erum að fara fram á nær ekki fram að ganga.“

Druslugangan var fyrst haldin hérlendis í fyrra en markmið göngunnar er að færa ábyrgð kynferðisofbeldis frá þóendum og á hendur gerenda.

Nafni göngunnar var lítilllega breytt þetta árið en hún bar nafnið „Meint-Drusluganga“.

Tilgangurinn með nafnabreytingunni var að benda á orðið „meint“ í orðræðunni, og vildu skipuleggjendur vekja fólk til umhugsunar um þá stöðu sem þóendum er settur við frásagnir þeirra.

- ktg

Landeigendur loka vegi:

Vegi kringum Eyrarfjall lokað

GRUNDARFJÖRÐUR Landeigendur hafa lokað gömlum sveitavegi sem liggur kringum Eyrarfjall við Grundarfjörð. Búið er að koma fyrir stórum steinum þvert yfir veginn og gaddavír.

Skessuhorn greinir frá þessu og hefur eftir Sigurborgu K. Hannesdóttur, forseta bæjarstjórnar Grundarfjarðar, að um vegstubb utan aðalskipulags sé að ræða. Færa eigi hringvegin um Eyrarfjall úr landareigninni, en það hafi ekki verið gert. - kóp

Rútuslys í Króatíu:

Átta létust og 40 slösuðust

KRÓATÍA Átta létust er tékknesk rúta með 51 farþega innanborðs lenti í slysi í Króatíu á laugardaginn. Frá þessu greinir tékkneska utanríkisráðuneytið. Um 40 farþegar slösuðust og eru einhverjir þeirra enn í lífshættu. Rútan var á leið frá Tékklandi til Króatíu þar sem fólkið hugðist eyða sumarfríinu.

Slysið átti sér stað að morgni laugardags. Utanríkisráðuneyti Tékklands fylgist grannt með gangi mála í Króatíu og hafa diplómatar verið sendir til að heim-sækja bæði slysstað og slasaða sem liggja á spítala. Ekkert er enn vitað um aðdraganda slyssins. - áþ

STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

SUMAR
Verð!



SUMARverð!
28.900



SUMARverð!
27.900

RÚNNAD STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

KANTAD STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

til
afgreiðslu
af lager



SUMARverð!
56.900

Lausar hlífar framán á botni

KANTADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90



SUMARverð!
58.900

Lausar hlífar framán á botni

RÚNNADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusettt fylgir

Verslið
þar sem úrvalið
er mest!

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



- 1 Hvaða tveir selastofnar eru hér við land?
- 2 Hvað eru margir í framboði til forseta Íslands?
- 3 Hver er fyrirliði íslenska kvendandsliðsins í handknattleik?

SVÖR:

Dagur
1. Stofnar lands og úts. 2. 6. 3. Kakei

Flóðum spáð í Svíþjóð:

Mánaðar regn á einum degi

SVÍÞJÓÐ Veðurstofa Svíþjóðar, SMHI, gaf út viðvörn um helgina vegna mikilla rigninga sem munu falla á Skáni og í Danmörku í dag.

Samkvæmt útreikningum veðurstofunnar má ætla að 35 til 45 millimetrar af regni muni falla til jarðar á einum sólarhring. Þetta er svipað magn og fellur að meðaltali í öllum júnimánuði á þessu svæði.

Veðurstofan varar við flóðum, þar sem vatnsgurinn geti orðið svo mikill að hætta sé á að niðurföll ráði ekki við vatnsmagnið, mikið regnvatn verði á vegum og að kjallarar fyllist af vatni. - ktg

70 munkar á spítala:

Urðu fyrir árásum býflugna

TÆLAND Tugir munka lentu á spítala er þeir urðu fyrir árásum býflugna í Norður-Tælandi. Munkarnir voru við hreingerningar í Chedi Luang-hofinu í Chiang Mai-héraðinu á laugardaginn þegar árásin átti sér stað. Bangkok Post segir að yfir 70 munkar hafi verið lagðir inn á sjúkrahús og þar af 19 með alvarlega áverka.

Stungur býflugna valda vanalega upphleyptri húð og ógleði en margar stungur í einu geta verið alvarlegar og stundum lífshættulegar. Samkvæmt upplýsingum frá hofinu eru margar býflugnakúpur á svæðinu en býflugurnar hafa ekki verið til vandræða áður. Það er því ekki vitað af hverju býflugurnar ákváðu að leggja til atlögu við munkana. - áþ

Háskóla- og myndir kynnti nýtt meistaranám í endurnýtanlegri orku í ræðu við brautskráningu á laugardag:

Aldrei fleiri kandídatar brautskráðir frá HÍ

MENNTUN Um 5.500 manns voru viðstaddir brautskráningu frá Háskóla Íslands á laugardaginn, þegar 1.900 kandídatar voru brautskráðir frá skólanum. Um metfjölda brautskráðra var að ræða.

Kristín Ingólfssdóttir, háskóla- og myndir rektor, hélt ræðu við tilefnið og sagði að á næstu fjórum áratugum, eða á starfsævi þeirra sem væru að útskrifast, myndi jarðarbúum fjölga um tvo milljarða. Hún sagði hlut vísindamanna, í að leysa þau vandamál sem slíki fjölgun fylgdi mikinn, sérstaklega þegar litið er til orkunýtingar.

Þá kynnti Kristín nýtt meistara-

nám í endurnýtanlegri orku, sem brátt mun hefjast við skólann. Námið verður byggt upp í samráði við orkufyrirtækin í landinu. Það er í samræmi við stefnu skólans í að auka samvinnu háskóla og atvinnulífs, enda sagði Kristín slíkt samstarf grundvöll allrar nýsköpunar.

Kristín benti á að mikilvægt væri að vera vakandi fyrir nýjum möguleikum á nýtingu auðlinda, til dæmis með ræktun nýrra nytjaplantna. Hún nefndi þörungna í þessu samhengi, sem nýta mætti til vinnslu á nytjafnum og hugsanlega lífrænu eldsneyti.

- ktg



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR Háskóla- og myndir rektor hélt ræðu við brautskráninguna og greindi frá helstu nýjungum í starfi skólans.

Ný lög eiga að fjölga grænum bifreiðum á vegum landsins

Virðisaukaskattur hefur verið felldur niður á raf-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðar á Íslandi. Löggjöfin styrkir samkeppnishæfni grænna bíla gagnvart hefðbundnum. Umboðin sjá sér nú fært að hefja sölu á rafbifreiðum.

SAMGÖNGUMÁL Alþingi hefur samþykkt frumvarp fjármálaráðherra að breytingu á lögum um undanþágur og endurgreiðslur á virðisaukaskatti á rafbíla og vetnisbíla. Þetta var samþykkt á síðasta degi þingsins á þriðjudag.

Íslendingar feta með löggjöfinni í fótspor Norðmanna sem hafa um nokkurt skeið felld niður virðisaukaskatt á „græna bíla“ eða þá bíla sem menga ekki umfram ákveðið hámark eða nota endurnýjanlega orku.

Markmið lagabreytinganna er að styrkja samkeppnishæfni grænna ökutækja gagnvart hefðbundnum bensín- og dísilknúnum ökutækjum. Það er gert með það að markmiði að efla og flýta fyrir orkuskiptum í samgöngum. Lagasetningin er hluti af því að skapa hér lagaumhverfi um umhverfisvænar bifreiðar. Enn á þó eftir að koma upp ýmsum fylgifyrirkæmum raf- og vetnisbíla. Þar ber helst að nefna rafmagnstengi fyrir bílana víðar en á heimilum og þjónustustöðvar sem sinnt geta slíkum bifreiðum.

Í greinargerð með frumvarpi fjármálaráðherra segir að til mikils sé að vinna fyrir Ísland þegar umhverfissjónarmið bílaumferðar séu skoðuð.

Bjarni Þ. Sigurðsson, sölustjóri Renault hjá BL, segir að nú þegar hafi verið tekin mikilvæg skref til þess að bjóða upp á rafbíla á Íslandi. „Þessi lagabreyting núna þýðir klárlega það að menn sjá sér fært að fara af stað,“ segir Bjarni.

Gríðarlegur kostnaður hefur fylgt þessum ökutækjum hér á landi. Með lagabreytingunum má þó gera ráð fyrir að sá kostnaður lækki töluvert. Bjarni segir að nokkur kostnaður fylgi markaðssetningu rafmagnsbíla hér á landi. Sá kostnaður felur meðal annars í sér ný tæki og þjálfun mannskaps í að þjónusta bílana.

Bifreiðaframleiðendur erlendis setja yfir-



BEINT Í RAFMAGN Rafbílar hafa þann kost að menga ekki og auðvelt er að tengja þá beint í rafmagn. Þeir komast þó ekki langar vegalengdir. MYND/GETTY

„Ívilnunin hér á landi er að verða sambærileg og í Evrópu. Það þýðir að verð á rafbílum verður ekki langt frá verði dísilbíla.“

BJARNI Þ. SIGURÐSSON
SÖLUSTJÓRI RENAULT HJÁ BL

leitt fram þó nokkrar kröfur um sölu og þjónustu bifreiða sinna.

Renault nálgast málið þannig að rafbíl sé á álíka verði eða örlítið dýrari en dísil-

bíll í sama flokki. „Með niðurfellingu á vörugjöldum og virðisauka þá getum við reiknað okkur inn á það að ívilnunin hér á landi sé að verða sambærileg og í Evrópu. Það þýðir að verð á rafbílum verður ekki langt frá verði dísilbíla.“

Bjarni telur þó að rafbílaskala muni ekki taka mikinn kipp þrátt fyrir lagasetninguna. „Það eru margir búnir að spila upp væntingarnar til rafbílaskölu, að þúsundir bíla fari út á markaðinn einn, tveir og þrír. Það mun taka einhvern tíma fyrir bílana að fara í verulegu magni á markaðinn.“

birgirh@frettabladid.is

weber
SAINT-GOBAIN

Lækkaðu hitakostnaðinn
Glæsilegt - traust mörkerli fyrir íslenskar aðstæður

Weber-UK mörkerlið hefur farið sigurför um Ísland í 12 ár enda treysta fagmenn Weber-UK kerfinu við Íslenskar aðstæður.

Seljum einnig hágæða Weber-UK Flotefni og fylgiefni til fagmanna á frábæru verði.

weber
múrefni Sími 517 9604
www.murefni.is

Ferðapjónustuaðili á Grundarfirði segir ferðamannastrauminn þyngri en fyrri ár:

Tímabilið hefst fyrr en áður

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamannastraumurinn í ár um Snæfellsnes byrjar óvenju snemma. Þetta segir Ingi Hans Jónsson sem rekur kaffihúsið



INGI HANS
JÓNSSON

og minjasafnið Kaffi Emil á Grundarfirði.

„Ég held að það sé bæði veðráttan og aukið framboð á gistingu í Grundarfirði sem orsaki þyngri ferðamannastraum hingað,“ segir Ingi Hans. „Trúlega hefur bensín og ferðakostnaður áhrif á að þunginn sé að aukast hér á Vesturlandi og Suðurlandi.“

Með þessum aukna bensínkostnaði staldri fólk lengur við og dvelji jafnvel á tjaldstæðum nokkrar nætur í röð og nýti dagana til að ferðast um svæðið. Áður brunuðu ferðamenn bara í gegn.

Mestur er ferðamannastraumurinn frá því um miðjan júní og þar til um miðjan ágúst ár hvert. Í ár byrjaði straumurinn að verulegu leyti í lok maí. Hann telur



ÞJÓÐGARÐURINN Náttúran á Snæfellsnesi er einstök og trekkir ferðamenn að.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aukið flugframboð til og frá landinu orsaka þennan þunga straum enda auglýsi flugfélögin landið mikið.

Ingi Hans segir að einnig hafi verið óvenju mikið um ferðamenn

á svæðinu í vetur. Þá séu hvalirnir helsta aðdráttaraflíð. „Það er líka gríðarleg aukning í vetrarferðamennsku. Það eru hvalirnir og lífríkið hérna sem trekkja helst að.“

- bþh

BÍLAHJÁLP VÍS BJARGAR MÁLUNUM!

SÍMI | **560 5000**

Ef þú ert með **F plús** færð þú aðstoð hjá **Bílahjálpi VÍS**

Kom eitthvað upp á? Er bíllinn til dæmis rafmagnslaus, dekk sprungið eða vantar eldsneyti? Með F plús fjölskyldu-tryggingu færð þú aðstoð hjá Bílahjálpi VÍS hvenær sem er

sólarhringsins og víðast hvar á landinu. Hafðu samband og hjálpin er á næsta leiti. Þú finnur nánari upplýsingar um verð og þjónustu á vefsíðu VÍS.

Vátryggingafélag Íslands | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | 560 5000 | vis.is



FRÉTTAVIDTAL: Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra

Veidigjaldið er rakið réttlætismál

Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra segir kerfisbreytingu hafa verið gerða í sjávarútvegi með hækkun veiðigjalda, þó hún hefði viljað sjá upphæð þeirra hærra. Hún telur Vaðlaheiðargöng þjóðhagslega mikilvæga framkvæmd og segir nýlegt skuldaútboð ríkisins sýna að efnahagur Íslandinga sé að rétta úr kútnum.

Mikið hefur verið rætt um Vaðlaheiðargöngin. Kom aldrei til greina að nota þessa 8,7 milljarða sem ríkið lánar til einhvers annars, til dæmis í fjárfestingar?

„Umræðan um þetta hefur verið heldur skökk. Það er mikilvægt að þegar ríki er í djúpri kreppu, eins og við höfum verið í þó að við séum á leiðinni upp, fari ríkisvaldið í uppbyggingu á innviðum til að reyna að örva atvinnulífið og auka hagvöxt. Það hefði verið mjög gott fyrir okkur að fara í slíkar aðgerðir, en við gátum það ekki þar sem við vorum svo skuldsett.“

Vaðlaheiðargöngin voru tekin út fyrir sviga í samgönguáætlun 2007 sem framkvæmd sem hægt væri að fara í með öðrum hætti. Hún er vel hagkvæm ef hún er borguð með veggjöldum, því umferðin er svo mikil.

Í stöðugleikasáttmálanum 2009 var rætt um að fara í framkvæmdina með veggjöldum og það var áréttað í yfirlýsingu með síðustu kjarasamningnum.

Aðalatriðið er þetta: Þetta er aðgerð sem þjóf í miklum skuldavanda getur farið í, vegna þess að kostnaðurinn er greiddur með veggjöldum. Þetta er ódýrasta stóra samgönguframkvæmdin sem ríkið getur farið í. Hugsanlega verður einhvern tímann staðan þannig að félagið getur



Í HÓPI KARLANNA Oddný G. Harðardóttir vonast til þess að sitja áfram í stóli fjármálaráðherra. Hún telur jafnaðarmenn eiga að fá aðkomu að stjórn landsins á næsta kjörtímabili. Oddný er fyrsta konan sem gegnir stöðu fjármálaráðherra hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ekki greitt afborganir og þá höfum við þann möguleika að lengja í láninu og taka veggjöld til lengri tíma. Það versta sem gæti gerst er að ríkið fengi göng með góðum afslætti sem skila mikilli samgöngubót og jákvæðum samfélagslegum áhrifum.“

Montin af veiðigjöldunum

Frumvarp um veiðigjöld tók miklum breytingum á Alþingi og upphæð þeirra lækkaði. Hvaða

áhrif hafa gjöldin á ríkisbúskapinn?

„Það hefði augljóslega verið betra fyrir ríkisfjármálin að fá alla summuna, það hefði verið mjög gott. Það var slegið ansi mikið af og eftir stendur að þetta verða að minnsta kosti 12,8 til 13,8 milljarðar núna. Þetta er veruleg hækkun.“

Mér finnst að við eigum að horfa á þetta sem kerfisbreytingu. Nú fær þjóðin arðinn af sinni auðlind. Við horfum á umframardinn í greininni og fáum hluta hennar beint í ríkissjóð til að fjármagna góð verkefni. Það er lyklatríði. Þó að við byrjum á þessum stað munu gjöldin fara stighækkandi og sanngirnissjónarmiðin eru mjög rík.

Við getum verið svolítið montin af því Íslendingar að hafa náð þessari lendingu, þessari kerfisbreytingu og breyttu hugsun hvað varðar það að reikna út sanngjarnan arð af auðlindinni.“

En hefurðu engar áhyggjur af áhrifum hækkunarinnar á sjávarútveginn?

„Nei. Ég hef það ekki. Í útreikningum sjávarútvegsráðuneytisins kemur fram að umframhagnaðurinn sé 45 milljarðar. Ég held að hver maður sjái að það er sanngjarnar að þeir sem eru með sérleyfi á því að nýta auðlind þjóðarinnar skipti umframardinum með þjóðinni. Þetta er rakið réttlætismál.“

Auðvitað rísa þeir sem eiga hagsmuna að gæta upp á afturlappirnar, það er bara eðlilegt. Í grunninn held ég hins vegar að mikill meirihluti þjóðarinnar sé á þessu máli og sé ánægður með að þessum áfanga sé náð.“

Getum flýtt verkefnum

Ríkisstjórnin kynnti á dögunum fjárfestingaráætlun næstu þriggja ára, eða inn á mitt næsta kjörtímabili. Er ekki sanngjörn gagnrýni að um kosningaplagg sé að ræða?

„Mér finnst bara eðlilegt að gera áætlun fram í tímann, sérstaklega þegar um fjármuni er að ræða. Það þarf að setja verkefnið af stað og ákveðinn undirbúnings tíma. Það verður bara að hafa það, þegar þú ert að reka þjóðfélag, að áætlunin nái fram yfir kosningar.“

Við gerðum fjögurra ára áætlun varðandi ríkisbúskapinn 2012 til 2015. Við getum ekki bara stoppað af því að það eru kosningar, það er bara rugl.“

Kosningaplagg? Að því leyti er það kosningaplagg að fólk veit þá hvaða verkefni við viljum leggja áherslu á þegar kemur að því að eyða þeim fjármunum sem veiðigjaldið skilar. Má þá ekki líka segja að fjárlagafrumvarpið sé kosningaplagg? Næsta ríkisfjármálaáætlun? Ég gef lítið fyrir þetta.“

Jafnaðarmenn áfram við völd

Þið segið að veiðigjaldið sé forsenda fjárfestingaráætlunarinnar. Nú hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins sagst vilja færa veiðigjaldið í fyrra horf, komist þeir til valda. Hvaða áhrif hefur það á mögulegt samstarf flokkaanna?

„Eins og staðan er núna er veiðigjaldið forsenda þess að færa verkefni svona framarlega í tíma. Einmitt núna þurfum við á því að halda að fara í svona stór verkefni sem gefa tekjur og skapa atvinnu.“



Ég vona að ég fái að leggja fram frumvarp um breytingar á umgjörð opinberra fjármála í haust, en ég veit ekkert hver staðan verður. Ég haga mér eins og ég verði alltaf fjármálaráðherra og legg verkefni þannig upp.

Þess vegna er þetta svo mikilvægt á þessum tíma.

Sjálfstæðismenn segja að þeir ætli að færa veiðigjaldið til fyrra horfs. Þeir ætla líka að lækka skatta. Þeir hljóta þá að ætla að taka velferðarkerfið enn meira niður en búið er að gera. Hefur einhver spurt þá um það? Hvaða áhrif mun það hafa á velferðarkerfið, eða annan rekstur ríkisins, sem er svo sannarlega í járnnum eftir þessa djúpu kreppu?“

En hvað finnst þér um samstarf við Sjálfstæðisflokkinn?

„Ég vil að jafnaðarmenn verði áfram við völd og verði hér áfram í ríkisstjórn. Ég held að það skipti mjög miklu máli.“

Jafnaðarmenn eru ekki bara flinkir í því að taka til eftir óreiðu og óráðsú íhaldsmanna, en við höfum sýnt að við getum gert góða hluti þar. Við eigum líka að fá tíma til þess að njóta árangurs þess erfiðis, að minnsta kosti á næsta kjörtímabili.“

En hvað með þinn metnað í starfi fjármálaráðherra? Það hefur ríkt óvissa um hve lengi þú verður í því embætti, hverjar eru þínar óskir hvað það varðar?

„Ég vona að ég fái að leggja fram frumvarp um breytingar á umgjörð opinberra fjármála í haust, en ég veit ekkert hver staðan verður. Ég haga mér eins og ég verði alltaf fjármálaráðherra og legg verkefni þannig upp.“

Kolbeinn Öttrarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Útboð



PÓSTURINN

Íslandsþóstur hf. óskar eftir tilboðum í vinnu við innanhússbreytingar á póstaftgreiðslunni í Neskaupsstað.

Um er að ræða endurinnréttingu á 190m² póstaftgreiðslu í Miðstræti 26, 740 Neskaupsstað.

Verkið felst í að setja nýja vöruhurð á húsnæðið, niðurrífi veggja og uppsetningu nýrra inniveggja, hurða og kerfislofta.

Verkliðir auk trésmíðavinnu eru málning, raflögn, pípulögn á neysluvatni og dúkalögn.

Verkið skal unnið á tímabilinu 6. ágúst til 16. september 2012.

Útboðsgögn verða aðeins afhent í tölvupósti frá og með 25. júní 2012. Skriflegar fyrirspurnir og óskir um útboðsgögn sendast á netfang: petur@postur.is

Skilafrestur tilboða í verkið er 24. júlí 2012 kl. 17:00.

Upphefðin kemur að utan

Íslenska ríkið stóð fyrir skuldabréfaútboði í vor og náði sér þannig í 125 milljarða. Greitt var af lánnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og til Norðurlandanna fyrr en áætlað hafði verið og gjaldeyrissvaraförðinn minnkaður um 46 milljarða. Oddný segir það mikilvægt, vegna þess að hann sé allur á láni og því mjög dýr. Þegar upp var staðið tókst að lækka erlendar skuldir þjóðarbúsins um 2,6%.

„Þetta er jákvætt í alla staði og menn gera mikið úr þessu í útlöndum. Alls konar bankar og seðlabankar erlendra ríkja hæla okkur og óska til hamingju. En héra heima fóru menn strax að gera þetta tortryggilegt. Þetta er hins vegar mjög jákvætt skref og setur okkur á góðan stað.“

Kom aldrei til greina að nýta eitthvað af þessum fjármunum í ríkisreksturinn, til dæmis velferðarkerfið?

„Það hversu vel gekk í útboðinu er staðfesting á betra lánstrausti Íslendinga. Það er grundvallarforsenda þess að við getum til dæmis aflétt gjaldeyrishöftunum. Það er mjög slæmt fyrir hvaða þjóð sem er að vera háð neyðarlánnum frá alþjóðlegum stofnunum og nágrannaríkjum.“

Áætlanir gera ráð fyrir jöfnuði í ríkisfjármálum árið 2014 og við munum ná því. Það að öðlast lánstraust á ný er algjör forsenda fyrir efnahagslegum bata svo hægt sé að skjóta styrkari stöðum undir velferðina. Sú velferð sem tekin er að láni er ekki varanleg.“

Beittu stúlku kynferðisofbeldi: Ráðist á barn á Jónsmessuhátíð

DANMÖRK Tveir Norðmenn hafa verið handteknir, sakadír um að hafa beitt sjö ára stúlku kynferðislegu ofbeldi á Jónsmessuhátíð í Hou í Danmörku. Politiken greinir frá.

Atvikið átti sér stað þegar stúlkan brá sér frá til að kasta af sér vatni á bak við runna. Stúlkan gat gefið upplýsingar um árásmanninn sem var síðan handteknur. Í kjölfar handtöknunar var annar Norðmaður tekinn höndum, en mennirnir eru sagðir þekkjast. Þeir eru báðir á fertugsaldri. - ktg

Engin hættu á að blóðþegar verði fyrir áhrifum fíkniefna þó þeir fái blóð úr einstaklingi sem hefur neytt þeirra: Ekki skimað eftir fíkniefnum við blóðgjöf

HEILBRIGÐISMÁL Blóðbankinn skimar hvorki eftir fíkniefnum né öðrum lyfjum í blóði sem gefið er til bankans. Þá er ekki skimað eftir sjúkdómum nema lifrabólgu og HIV. Slíkt er í samræmi við alþjóðlega staðla um blóðgjafir.

Sveinn Guðmundson, yfirlæknir í Blóðbankanum, veit ekki til þess að slík skimun fari fram neins staðar í heiminum.

„Ég held að fólk sé ekki að koma og gefa blóð ef það hefur eitthvað á samviskunnunni,“ segir hann. „Fólk gerir það virkilega af heilindum ef það er að koma hérna og gefa.“

Skýrar reglugerðir Blóðbankans kveða á um hvenær ekki má gefa blóð og þar segir meðal annars að viðkomandi megi ekki hafa tekið fíkniefni í nös síðustu sex mánuði. Þá áskilur

bankinn sér rétt til að neita gjöfum, farga blóði og taka viðkomandi einstaklinga af skrá. Sveinn segir afar sjaldgæft að blóði sé fargað, eða innan við eitt prósent.

Jakob Kristinsson, lyfjafræðingur og prófessor í eiturefnafræði hjá Háskóla Íslands, segir enga hættu á því að einstaklingur verði fyrir áhrifum fíkniefna frá blóðgjöf frá einstaklingi sem hefur neytt fíkniefna.

„Það er svo lítið magn af efnum í blóðinu. Jafnvel þó menn fái tvo poka af blóði frá sama einstaklingnum er engin hættu á áhrifum,“ segir Jakob.

Það tekur amfetamín um 12 klukkustundir að fara úr blóðinu eftir að þess er neytt og kókaín um eina klukkustund. - sv

Fáar konur gefa blóð

Einungis fjórðungur blóðgjafa í landinu er konur. Hlutfallið hefur þó farið hækkandi á síðustu tíu árum, en fyrir þann tíma var hlutfall kvenna einungis í kringum fimm til tíu prósent. Á Íslandi eru átta til tíu þúsund virkir blóðgjafar.

Samkvæmt upplýsingum frá Blóðbankanum safnast 14 til 15 þúsund einingar heilblóðs árlega. Ísland er sjálfu sér nóg hvað varðar söfnun og notkun blóðhluta, sem er í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins í Strassbourg, sem hefur lagt mikla áherslu að í hverju aðildarríki ráðsins sé hlúð að og stuðlað að sjálfbærni blóðs sem byggir á gjöfum sjálfboðaliða.



ÍSLENSK HINDBER Á lífræna markaðnum Engi má brátt finna hindber.

Nýjung á markaði: Íslensk hindber væntanleg

NEYTENDUR Íslensk hindber eru væntanleg síðsumars. Hindberin eru lífrænt ræktuð og verða fáanleg á lífræna markaðnum Engi í Laugarási í Biskupstungum. Íslensk hindber munu vera nýjung á markaði, en þetta kemur fram á vefnum Sunnlenska.is.

Auk hindberja er einnig ræktað íslenskt eggaldin, chilipípar og kúrbítur í garðyrkjustöðinni en slíkt grænmeti er sjaldséð í íslenskum gróðurhúsum.

Garðyrkjubændurnir, þau Ingólfur Guðnason og Sigrún Elfa Reynisdóttir, segja viðtökurnar „frábærar“ það sem af er sumri. - ktg



MUNIR TIL SÖLU Fyrrum grafhýsi Elvis Presley var tekið af sölu eftir mótmæli aðdáenda.

Æstir aðdáendur mótmæltu:

Grafhýsi Elvis verður ekki selt á uppboði

FÓLK Bandaríska uppboðshúsið Julien's Auction hefur hætt við fyrirhugað uppboð á grafhvelvingu Elvis Presley eftir mótmæli aðdáenda. Um tíu þúsund æfir aðdáendur rokkkonungsins skrifuðu undir lista til uppboðshússins þar sem sala á grafhýsinu var fordæmd.

Grafhýsið er staðsett í kirkjugarði Forest Hill í Memphis en Presley hvíldi þar aðeins í tvo mánuði. Hvelvingin hefur verið auð síðan árið 1977. Þrátt fyrir að hýsið sé farið af sölulista eru fjölmargir munir úr eigu Presley til sölu hjá uppboðshúsinu, þar á meðal sími og röntgenmynd af meiðslum sem Presley fékk er hann reyndi fyrir sér í karate. - áþ



Alþjóðlegur dagur öndunarmælinga 2012

Í MARK MEÐ HEILBRIGÐ LUNGU

Öndunarmælingar fyrir alla

**TEKUR 10
MÍNÚTUR**

**AÐ MÆLA
ÖNDUN**



Forum of
International
Respiratory
Societies



ELF EUROPEAN
LUNG
FOUNDATION



Er hægt að bjarga virðingu Alþingis með breytingum á þingsköpum?

Hugarfarið þarf að breytast

Almenningur er löngu orðinn þreyttur á þeim skrípaleik sem endalaust málfólf á Alþingi er orðið. Kvöld- og næturfundirnir, þar sem þingmenn tala um ekki neitt, eru ein ástæða þess að Alþingi nýtur ákaflega lítills trausts.

Í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn föstudag rifjar Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir, forseti Alþingis, upp síðustu tilraun til að draga úr málfólfinu. Fyrir breytingu á þingsköpum 2007 gátu þingmenn haldið endalaust langar sæður. Reynt var að breyta þessu og stuðla að styttri og snarpari samskiptum. Tilraunin mistókst.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



„Nú geta menn haldið fimm mínútna ræður oft, endalaust í rauninni, og farið í andsvör. Með þessu átti að koma upp snarpari skoðanaskiptum, en þau hafa reyndar breyst í eitthvað annað,“ segir Ásta Ragnheiður. „Ég var óbreyttur þingmaður á þessum tíma og varaði við þessari breytingu. Í henni fælist tækifæri fyrir stjórnarandstöðu hverju sinni til að tala endalaust. Þingmaður þarf ekki að hafa nema tvo aðra með sér og þá er hægt að taka mál í gíslingu á vöktum. Menn trúðu því hins vegar ekki að það yrði gert.“

Nú vitum við auðvitað að það ótrúlega gerðist. Þingfundir Alþingis hafa enn lengzt; þannig voru þingfundir á lengsta þinginu á árunum 2003-2007 samtals tæplega 630 klukkustundir, en á undanförunum þremur þingum hafa þingmenn talað í 800-900 klukkutíma samanlagt. Þetta er miklu meiri málgleði en hjá þingmönnum í nágrannaríkjum okkar; Ásta Ragnheiður greinir frá því að norskir þingmenn fundi í 400-500 tíma og danskir í 500-600.

Hún boðar enn breytingar á þingskaparlögum til að breyta þessu og ná tökum á málfólfinu. Það er vel og rétt hjá þingforseta að rétti tíminn til að breyta þingsköpunum er rétt fyrir kosningar, þegar flokkarnir vita ekki hvort þeir verða utan eða innan stjórnar þegar næsta þing kemur saman.

Þó er það svo að ekki dugar að breyta þingsköpunum eingöngu. Reynslan af breytingunni frá 2007 sýnir að ef hugur fylgir ekki máli, finna menn sér einfaldlega glufu í nýju reglunum til að halda uppteknum hætti og taka mál í gíslingu. Það bitnar illu heilli á innihaldi umræðnanna og þeirri virðingu, sem kjósendur bera fyrir þinginu.

Þess vegna er það rétt, sem Ásta Ragnheiður sagði þegar hún kvaddi þingmenn er þeir fóru í sumarfrí í síðustu viku. Hún sagði umhugsunarefni hvernig þingstörfin hefðu þróast síðustu vikur þingsins. „Mikilvægt er því að þingmenn hugleiði þessa stöðu og stöðu Alþingis almennt og komi til þings að nýju með þann ásetning að koma málum hér í betra horf.“

Það er nefnilega ásetningurinn, hugarfarið, stjórnmálamennin (eins og Alþingi orðaði það í sinni sjálfsgagnrýnu ályktun í september 2010), sem skiptir höfuðmáli. Án hugarfarsbreytingar þingmanna og nýrra og breyttra samskiptahátta stjórnar og stjórnarandstöðu tekst ekki að endurreisa virðingu Alþingis.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

VINNUR ÞÚ GLÆSILEGT WEBER GRILL?

Þú grípur einfaldlega pakka af uppáhalds Maryland kexinu þínu og gætir um leið eignast glæsilegt grill.



2 x Weber E310 kr. 132.990



28 x Weber Smokey Joe kr. 16.950

ER VINNINGSKÍFA Í PAKKANUM ÞÍNUM?

Maryland

– gott alla leið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Alvöru próf

Stöð 2 sýndi umræðubátt forsetaframbjóðenda í gærkvöldi. Er það vel, enda nauðsynlegt lýðræðinu að kjósendur kynnist hugsjónum frambjóðendanna og geti tekið upplýsta ákvörðun í kosningunum á laugar-dag. Á sama tíma sýndi Ríkisútvarpið leik Englands og Ítalíu í átta liða úrslitum EM í knattspyrnu. Þarna skapaðist því kærkomið tækifæri til að meta áhuga Íslendinga á forsetakosningunum og mikilvægi þeirra í hlutfalli við fótboltann. Gaman væri ef eitthvert skoðanakannanafyrirtækið hefur nú tekið sig til og



mælt áhorf á þessa tvo dagskrárliði. Hvað segir þú, lesandi góður, á hvað horfir þú?

Ekkert nýtt undir sólinni

Mikil umræða er nú í gangi um að baráttan í forsetakosningunum sé orðin óvæginn og er helst að skilja á umkvörtunum að það sé óþekkt fyrirbæri hér á landi. Þeir sem svo láta ættu að kynna sér umræðu um Halldóru Eldjárn í búðarferð í Hagkaupslopp árið 1968, eða makaleysi Vigdísar árið 1980. Ekkert er nýtt undir sólinni.

Hópprýstingur eða tiskuvitund?

Egill Helgason lýsti því yfir að hann hefði horft á leik Grikklands og Þýskalands úti í Grikklandi. Þegar Angela Merkel, kanslari Þýskalands, birtist á skjánum, hefðu Grikkir baulað og Egill með. Ekki skýrir hann hvers vegna hann baulaði, en tiltekur þó að Merkel hafi verið í alveg einstaklega ljótum grænum jakka. Eftir stendur að skýringu vantar; kviknaði baul Egils af hópprýstingi eða var tiskuvitund hans kannski misboðið?

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Nýtt hlutverk, næsti forseti

Forsetaembættið



Gunnar Hersveinn rithöfundur

Ísland hefur þúsund andlit og grímur. Ein gríma er sett upp á hverjum tíma – jafnvel fleiri. Grímurnar heita: land hreinleikans, hrikafegurðar, land stóríðu, fiskveiða og friðar, land jafnréttis, fjármála og þjónustu, land ferðamannsins og eldgosa.

Á tímum vörumerkja hefur ímynd áhrif á viðhorf og viðmót annarra til lands og þjóðar. Ímynd um frelsi og fjörug fjármál laðar t.a.m. til sín ákveðna tegund fyrirtækja til landsins en ímynd um öryggi og matarmenningu aðra.

Yfirleitt setja stjórnvöld megin stefnu og markmið. Þannig voru ríkisstjórnir Davíðs, Halldórs og Geirs með þá stefnu að gera Ísland að fjármálamiðstöð á heimsmælikvarða. Yfirvöld gáfu með því forsetanum hlutverk sem hann rækti af alúð.

Hlutverk forseta Íslands fólst þá m.a. í því að styðja og efla það sem Ísland átti að verða. Ólafur Ragnar fékk það hlutverk að markaðssetja Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála og þjónustu. Hann gerði það af krafti – en nú er þessu hlutverki lokið. Hann er bæði lofaður og lastaður fyrir.

Ísland er um þessar mundir að gera tilraun til að móta sér aðra ímynd og til að markaðssetja hana þarf annan forseta, annað andlit, nýja grímu. Það andlit Íslands þarf að byrja með hreint borð til að geta tekið trúverðugan þátt í nýrri stefnu og unnið að markmiðum hennar.

Hver verður megin stefnan á næstu fjórum árum? Árið 1996 átti Ísland að verða miðstöð upplýsingatækni í heiminum. Árið 2003 miðstöð fjármála og þjónustu. Árið 2009 átti að markaðssetja Netríkið Ísland – fremst þjóða! Ef til vill verðum við sammála um nýja stefnu árið 2013 og þá um leið öðlast næsti forseti Íslands nýtt hlutverk til að fylgja henni eftir.

Hvert hlutverkið verður – mér er það hulið. Ísland gæti orðið miðstöð ferðamála og þjónustu eða lífrænnar matarframleiðslu, miðstöð eldfjallagarða eða jafnréttis og fjölskyldugilda, miðstöð heilsulinda, hátækni eða land skapandi greina.

Hvert sem það verður, þurfum við örugglega nýtt forsetaandlit til að vinna því brautargengi. Fyrir mér er það augljóst.

Trúin á landið

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhofundur



Ríó+20 ráðstefnan virðist hafa verið mikið stefnt-skál-aðþing og óeitanlega vissst vonleysi farið að grípa um sig varðandi framtíð lífsins á Jörðinni, framtíð tegundanna.

Maðurinn, sem tegund, sér afleiðingar gerða sinna – en hann getur ekki horfst í augu við þær. Guðleysingjum 20. aldarinnar hefur tekist að finna þúsund aðferðir við að afsanna tilvist æðri máttarvalda en ekki eina einustu til að sanna nauðsyn þess að lífið haldi áfram á jörðinni. Skammtímahugsun er allsráðandi. Sérhver einstaklingur upplifir sig sem dauðlegan á þessum trúlausu tímum og þar með rofnar samhengið í framferði manna. Hver og einn er eins og forsetinn í stjórnarskránni: ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum. Maðurinn er hættur að trúa á guð og umbun eða refsingar í öðru lífi en hitt er verra: hann er hættur að trúa á sig og hæfileika sína til að breyta rétt.

Hlutverk forseta

Gleymum því samt ekki að mikið af eyðingunni hefur farið fram í Jesú nafni og Allah. Kannski er einn vandinn sá að menn fóru að líta svo á að Jörðin væri heilög einhvers staðar annars staðar en undir fótum sínum: Í Jerúsalem eða Mekka en ekki hér, nákvæmlega hér, sú jörð sem gefur mér líf og næringu og mér ber að virða og gæta. Trúarbrögð manna eru ekki lengur náttúru-tengd heldur leit að umboði til athafna og eyðingar.

Einu sinni trúðu Íslendingar á vatnið og sólina. Í greinasafni Helga Guðmundssonar málfræðings, Um haf innan, frá árinu 1997 er dálítill grein sem ber heitið Tilraun um Óxarárfoss. Þar veltir Helgi fyrir sér þeirri sérkennilegu framkvæmd í árdaga Íslandsbyggðar þegar Óxará var færð úr farvegi sínum og fossinn gerður eins og hann er í núverandi mynd, væntanlega í því skyni að gera þinghaldið svipmeira og jafnvel koma því í samband við æðri mátt, rétt eins og enn tíðkast þegar þingmenn koma saman í dómkirkjunni við messu þegar þing er sett.

Helgi telur að á tímum heiðinna manna hafi ríkt hér á landi

átrúnaður á fossa og færir fyrir því ýmis rök. Hann tengir til dæmis þennan átrúnað við orðið „forseti“ – en Forseti er nefndur í Snorra Eddu sem sonur Baldurs og Nönnu, hann býr í Glitni og er sáttasemjari allra sem á hans fund leita. Helgi tengir orðið hins vegar við þann sem undir fossinum situr – foss-seti – og leitar fregna hjá æðri máttarvöldum, eins og alsíða er í ótal náttúrutengdum trúarbrögðum að sérstakir menn geri, sem hafi sérstakan aðgang að vilja guðdómsins. Helgi telur sem sé að þegar Þorgeir Ljósvetningagoði fór undir feldinn til að hugsa sitt ráð um það hvaða sið Íslendingar skyldu taka árið þúsund til þess að leysa gíslatökumálið í Noregi og kom svo með þann snjalla úrskurð að Íslendingar skyldu þykjast vera kristnir en halda áfram að blóta á laun – þeir sem það vildu – að þá hafi Þorgeir ekki verið í sjálfu sér að leggjast undir feld til að öðlast speki – feldurinn hafi í rauninni verið aukaatriði og regnhlíf – og einungis ætlaður til að verjast úðanum frá fossinum, sem var hin eig-

inlega véfrétt þarna. Hann hafi gerst foss-seti til að taka þessa mikilvægu ákvörðun.

Maður og jörð

Öll trúarbrögð hefjast í sambandi manns og jarðar, vangaveltum mannsins um stað sinn og hlutverk á jörðinni. Maðurinn ræktar jörðina og tekur að

og dafna á þessari jörð sem svo undursamlega vill til að hann er staddur á, með vitund sem hugsar og hendur sem iðja. Allt lífið snýst um vatn og vatnið snýst um allt líf. Við sjáum það bylgjast og hringsnúast, alltaf eins, alltaf sýnbreytilegt, alltaf hér og alltaf þar. Það er iða og það er kyrrð. Ekkert er jafn óhöndlanlegt og

Því hvar má sjá fegurri og ógnarlegri birtingarmynd almættisins en í fossi? En hafi Íslendingar trúað á vatn, það er að segja sýnt vatni lotningu og umgengist það af virðingu – þá átti það viðhorf eftir að breytast.

Áveiturnar í Mesópótamíu sköpuðu vöggu menningar og ræktunar – kúltúrs – en um síðir urðu slíkar framkvæmdir að risastíflum sem drápu og eyddu. Litlu virkjanirnar hér á landi urðu til mikillar blessunar þegar menn tóku að framleiða rafmagn, bera ljósið inn í bæina, eins og Bakkabræður – eða Lúsifer. En risavirkjanir sem hér hafa verið reistar raska og eyða. Umsvifunum hefur ekki fylgt virðing og auðmýkt þess sem skynjar lífsaflið að verki í vatninu, horfir á eigin framferði í stóru samhengi Jarðarinnar, skilur að það er ekki hlutverk mannsins að sigra lífsaflið heldur að ganga á vegum þess, trúa á það utan við sig og í sér. Okkur er ekki ætlað að ganga á vatninu. Maðurinn á að hætta að ímynda sér að hann sé herra jarðarinnar og hætta að haga sér eins og hann sé perri jarðarinnar.

Okkur er ekki ætlað að ganga á vatninu. Maðurinn á að hætta að ímynda sér að hann sé herra jarðarinnar og hætta að haga sér eins og hann sé perri jarðarinnar.

leggja átrúnað á þau öfl sem eru að verki þegar undrið gerist: eitt-hvað vex, og jörðin færir manninum ávexti sína. Maðurinn biður um regn og þegar það kemur þakkar hann þeim sem hann telur að því stjórni, til að vera viss um að fá góðar undirtektir næst þegar hann þarf á því að halda. Því að maðurinn þarf regn; vatn er það sem maðurinn þarf helst á að halda til að hann megi lifa

ekkert jafn áþreifanlegt. Ekkert er blíðlegra og ekkert harðara. Það skapar, nærir, hreinsar, flæðir, færir, borar, líknar, blessar, drepur og skapar. Það er líf-gjafi okkar og ógnvaldur. Það er sjálfur gegnsær leyndardómur tilverunnar. Það er sú höfuð-skepna sem við erum smíðuð úr. Kannski voru Íslendingar einmitt vatnatrúar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar, trúðu á fossa.

HVITA HUSID/SIA 12-1354



Samfélagssjóður Valitor Stuðningur til góðra verka

Samfélagssjóður Valitor styður margvísleg menningar-, mannúðar- og samfélagsmál. Sjóðurinn var stofnaður fyrir 20 árum og frá upphafi hafa alls verið veittir 135 styrkir til einstaklinga og samtaka. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og er vorúthlutun 2012 nú nýlökkið. Fimm verðug verkefni fengu stuðning úr sjóðnum að þessu sinni. Næsta úthlutun fer fram í árslok og tekið verður við umsóknum til 1. október n.k.

Starfsfólk Valitor óskar styrkþegum til hamingju og hlakkar til að fylgjast með afrekum þeirra í framtíðinni.

Neyðarlínan 112, Landsbjörg og Almanna- varnadeild ríkislögreglustjóra

112 Iceland, nýtt snjallsímaforrit („app“), sem eykur öryggi ferðamanna og var þróað að frumkvæði Valitor og eftir hugmynd starfsmanns fyrirtækisins.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til frekari uppbyggingar stofnunarinnar.

Íþróttasamband fatlaðra

vegna undirbúnings og þátttöku Íslands á Ólympíu-móti fatlaðra í London 2012.

Andri Björn Róbertsson


til að stunda framhaldsnám við óperudeild Royal Academy of Music í London.

Gunlaugur Björnsson

til að ljúka B.M. gráðu í sígildum gítarleik við Manhattan School of Music í New York.

www.valitor.is

VALITOR
Lausnir án landamæra





SVAVAR GUÐNASON listmálari (1909-1988) lést á þessum degi. „Sá sem lent hefur í bráðri lífshættu – hann á möguleika til að geta skapað merkilega hluti.“

Merkisatburðir 25. júní

- 1244** Flóabardagi var háður á Húnaflóa. Þar börðust Þórður kakali og Kolbeinn ungi Arnórsson, aðallega með grjóti.
- 1667** Kristján 5. konungur Danmerkur og Íslands kvæntist Charlotte Amalie af Hessen-Kassel.
- 1809** Trampe greifi var tekinn höndum í Reykjavík af Samuel Phelps og Jörundi.
- 1950** Kóreustríðið braust út.
- 1975** Mósambík lýsti yfir stofnun sjálfstæðs ríkis.
- 1991** Slóvenía og Króatía lýstu yfir sjálfstæði frá Júgóslavíu sem leiddi til Tíu daga stríðsins.
- 2009** Stöðugleikasáttmálinn var undirritaður í Þjóðmenningarhúsinu.
- 2009** Michael Jackson lést af völdum hjartaáfalls.



Afmæli



39 ÁRA
Guðmundur Ingi Porvaldsson leikari



64 ÁRA
Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur



50 ÁRA
Kristinn Hrafnsson fréttamaður



GEGNIR ÁBYRGÐARMIKLU STARFI Guðrún Margrét Pálsdóttir er formaður ABC barnahjálpar, sem sér fyrir um þrjú þúsund börnum á heimavistum og á barnaheimilum og 12 þúsund börnum í skólum víðs vegar um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BARNAHJÁLP ABC: KAUP Á LÓÐ Í NAÍRÓBÍ Í KENÝA VORU MIKILVÆGUR ÁFANGI

Reisa skóla fyrir þúsund börn

Nú þegar ganga 407 nemendur í nýopnaðan skóla ABC barnahjálpar, sem staðsettur er milli þriggja fátækra hverfa í Naíróbí í Kenýa. Þar verður hægt að taka á móti 1.000 börnum, þegar nauðsynlegum framkvæmdum við skólann verður lokið.

„Áður en við keyptum lóð vorum við að borga skólagjöld fyrir þessi börn í ýmsum skólum. Eftir að við fengum landið gátum við stofnað okkar eigin skóla. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkar starfsemi, því með þessu móti spörum við mikla fjármuni og getum búið betur að börnunum á meðan þau eru í skólanum,“ segir Guðrún Margrét Pálsdóttir, formaður ABC barnahjálpar, um nýjasta verkefni samtakanna í Naíróbí í Kenýa. Samtökin standa nú fyrir vorsöfnunaráttaki til styrktar byggingaframkvæmdum samtakanna, bæði í Naíróbí og við barnaskóla í Pakistan.

Þann 4. júní síðastliðinn opnuðu samtökin skólann á lóð sem tók talsverðan tíma að finna, enda lítið um lausar

lóðir í mannmörgum fátækrahverfum Naíróbí. Hún er staðsett mitt á milli þriggja fátækustu hverfa borgarinnar, Mathare, Dandora og Korogocho.

Í fyrstu atrennu voru byggðar bráðabirgðakennslustofur og heimavist úr bárujárni. Ætlunin er að reisa fimm hæða hús á lóðinni sem mun hýsa heimavist fyrir 460 börn og skólastofur fyrir heimavistarbörnin auk barnanna úr fátækrahverfunum. Börnin á heimavistinni eru foreldra-laus götubörn, sem er mikið af í Naíróbí. „Bæði koma þau sjálf til okkar inn á heimilið, og eins kemur lögregla eða borgaryfirvöld með börn til okkar. Stundum finnur líka starfsfólk okkar börn á götunni í mjög slæmu ásigkomulagi,“ útskýrir Guðrún Margrét.

Samtökin ráðast í vorsöfnun nú, þar sem nauðsynlegt er að halda framkvæmdum strax áfram. Þörf er á að bæta tveimur stofum við skólann auk þess að kaupa þarf skólaborð og bekki fyrir 250 nemendur, sem sitja á gólfinu eins og sakir standa. Byggingasjóður

fyrir framkvæmdirnar er hins vegar tómur.

Í heildina eru ABC með um 3.000 börn á heimavistum og barnaheimilum og 12 þúsund börn í skólum, sem þau sjá fyrir mánaðarlega. Um 90 prósent af því fé sem samtökin safna kemur frá Íslandi.

Upphaf vorsöfnunarinnar nú hófst fyrir tilviljun á framlagi Ernu Kristínar Stefánsdóttir, sem lét raka af sér hárið eftir að hafa safnað 600 þúsund krónum í áheiti. Það framtak vakti sem kunnugt er mikla athygli. „Erna byrjaði sína söfnun daginn eftir að börnin í Kenía fluttu inn í skólann sinn og skilaði inn framlaginu daginn eftir að við fórum af stað með okkar átak. Þetta var skemmtileg tilviljun og kom eins og himnasending til verkefnisins, enda sendum við þetta nær samdægurs út til Kenía. Það er stórkostlegt þegar fólk tekur upp á að gera eitthvað svona og hefur mikla þýðingu fyrir okkar starfsemi,“ segir Guðrún Margrét að lokum.

holmfridur@frettabladid.is



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ÓLAFUR SVEINSSON

véltæknifræðingur, Hagaseli 32,

lést mánudaginn 18. júní á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 13.00.



Ársæll Már Arnarsson
Árni Már Rúnarsson

Ingbjörg Jónsdóttir
Hanna Ólafsdóttir
Guðriður Ólafsdóttir
Freydis Sif Ólafsdóttir
Þórdís Jóna Ólafsdóttir
og barnabörn.



Innilegustu þakkir færur við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

GUÐRÚNAR BRIEM

Klapparási 3, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsmanna Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun.



Sigríður Einarsdóttir
Sif Ormarsdóttir

Práinn Þórhallsson
Gunnlaugur Práinsson
Þórhallur Práinsson
Magnús Þór Práinsson
Þóra Práinssdóttir
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

GUÐMUNDA INGIBJÖRG

GUÐMUNDSDÓTTIR frá Högnastöðum,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 12. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Þorlákshafnarkirkju miðvikudaginn 27. júní nk. kl. 14. Þökkum starfsfólki spítalans fyrir góða aðhlyningu og samhug. Fyrir hönd allra aðstandenda,



Ásgrímur Þór Guðmundsson
Guðmundur Ásgrímsson
Sveinbjörn Jón Ásgrímsson
Bjarni Valur Ásgrímsson
barnabörn, barnabarnabörn og systur.

Svetlana Ponkratova
Sólrun Auðbertsdóttir
Brynja Dögg Gunnarsdóttir

Handsmíðað víravirki til sýnis á Laugavegi

Vegfarendur á Laugavegi hafa margir hverjir rekið augu í gínu, sem stendur í glugga verslunarinnar Gullkúnn Helgu. Gínan sú er klædd í 60 ára gamlan upphlut. Víravirkið á upphlutnum er smíðað af Hákonni Jónssyni gullsmíð. Hann smíðaði víravirkið upphaflega fyrir móður sína en gripirnir erfðust síðan til eiginkonu

Hákonar, Auðar Ingrúnar Gísladóttur. Víravirkið er sérstakt fyrir þær sakir að á beltisparinu er stór rauður rúbín og í stað borða og millusetts eru á búningnum borðamillur.

Búningurinn var settur upp í tilefni þjóðhátíðardagsins en mun standa í versluninni fram til 1. ágúst næstkomandi.

- hhs



GÍNAN KLÆDD Gínan sem stendur í glugga verslunarinnar Gullkúnn Helgu er klædd í 60 ára gamlan upphlut. Á upphlutnum er víravirki listilega smíðað af Hákonni Jónssyni gullsmíð.

ÞETTA GERÐIST: 25. JÚNÍ 1988


Vigdís Finnbogadóttir endurkjörin

Þennan dag árið 1988 var Vigdís Finnbogadóttir endurkosin forseti Íslands. Hún hlaut níutíu og fimm prósent atkvæða en Sigrún Þorsteinsdóttir, mótframbjóðandi hennar, hlaut fimm prósent atkvæða.

Vigdís var fyrsta kona heims sem var kosin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum en hún var fyrst kosin 29. júní árið 1980 og var þá fimm og tveir dagar yngri en Sigrún Þorsteinsdóttir. Vigdís var fyrsta kona heims sem var kosin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum en hún var fyrst kosin 29. júní árið 1980 og var þá fimm og tveir dagar yngri en Sigrún Þorsteinsdóttir. Vigdís var fyrsta kona heims sem var kosin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum en hún var fyrst kosin 29. júní árið 1980 og var þá fimm og tveir dagar yngri en Sigrún Þorsteinsdóttir.

atkvæðagreiðslu árið 1992. Hún lét af embætti árið 1996. Vigdís var fjórði forseti íslenska lýðveldisins.

Vigdís er heiðursdoktor og heiðursprófessor við háskóla og stofnanir víða um heim og er velgjörðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna í tungumálum. Hún hefur löngum verið fyrirmynd ungra stúlkna á öllum aldri og skilaboð hennar eru að menntun skipti máli, að konur séu jafningjar karla og að draumar geti ræst. Síðan Vigdís lét af embætti forseta hefur hún ekki setið auðum höndum og hefur veitt ýmsum mállefnum lið.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



FALLEG LEIKFÖNG

Dansi, dansi dúkkan mín er sýning á leikfangasafni Jósefinu Gísladóttur á Ísafirði. Sýningin er í sal Listasafns Ísafjarðar í Gamla sjúkrahúsinu og stendur til 28. júlí. Leikföngin eru afrakstur margra ára söfnunar víða um heim. Jósefína er fædd á Ísafirði árið 1940.



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarnn&gler.is



POTTURINN DREGUR AÐ

HANDLAGIN Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir myndlistarkennari býr að heitum potti á pallinum. Hún gerði líka upp gamalt borð og skellti út á pall.

Ég dútla mér við hitt og þetta,“ segir Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir myndlistarkennari þegar Fólk leit við á pallinum hjá henni á dögnum en þar sat hún í góða veðrinu við borð sem hún gerði upp sjálf. „Ég er aðallega í endurnýtingu. Borðið hafði verið niðri í geymslu hjá mér í nokkur ár þegar ég gerði það upp, flísalagði plötuna með afgangsfliðum sem ég braut með hamri og viðarvarði síðan borðið. Ég ætla að hafa það hér úti á palli í sumar, enda var það engum til gleði í geymslunni.“

Hrafnhildur kennir við Fossvogsskóla og segist oft láta nemendurna endurnýta ýmislegt, svo sem glerkrukkur og dósir, en í skólanum er viðhöfð grænfána-stefna. „Ég læt krakkana gjarnan mála á glerið og búa til pennastatif úr dósum, svona milli þess sem ég treð í þau stærðfræði og íslensku,“ segir hún glettin. „Mér er umhugað um náttúruna og flokka til dæmis allt sorp. Ég nota mikið gamla hluti og hef til dæmis saumað talsvert úr gömlum gardinum, bæði fatnað og púða,“ segir Hrafnhildur og bendir á útsaumaða púða með flúri. „Ég teiknaði

munstrið sjálf og saumaði út. Svo saumaði ég í kring úr efni sem ég fann í Góða hirðinum. Kjólinn minn keypti ég á markaði, þó hann væri númer 36, því efnið í honum var svo fallegt. Ég klippti hann svo bara upp að framan og skeytti inn í hann dúk sem ég átti. Ég nota kjólinn mikið og hann vekur alltaf athygli.“

Hrafnhildur er ekki bara handlagin heldur hefur hún líka græna fingur og á pallinum ræktar hún bæði rífsber og sólber, sem hún segir vinsæl af fjölskyldunni til dæmis í berjapeyting. Berin eru þó ekki það eina á pallinum sem fjölskyldan sækir í. „Ég var svo heppin að heitur pottur fylgdi íbúðinni en það er nú ekki algengt að í blokkaríbúð sé heitur pottur á pallinum. Enda horfa nágrannarnir á hann öfundarægum,“ segir hún hlæjandi en segist þó ekki dugleg að nota hann sjálf. „Potturinn hefur mikið aðdráttarafyl fyrir fólkið mitt. Ég fæ allavega einhvern í heimsókn á meðan.“

ENDURGERT Hrafnhildur flísalagði gamalt borð úr geymslunni og notar það úti í garði. MYND/GVA



Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerð gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.


SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA
HEILSURÚMA



TERNABOX - ÚTSALA

2x90x200

299.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

AÐ MÁLA BAÐKAR

Á baðkörum er gljáhúð sem hrindir frá sér m.a. málningu. Hægt er að komast hjá því. Fyrst þarf að þrifa karið með fituhreinsi sem svo er skolað burtu og baðið þurrkað. Því næst er yfirborðið þússað með sandpappír í grófleika 180-220 og ryk fjarlæggt. Þá er karið grunnað með tveggja þátta epoxy-grunni sem binst gljáhúðinni, nauðsynlegt er að þynna grunninn um 5-10%. Þegar grunnurinn þornar er lakkað yfir með tveimur umferðum af tveggja þátta polyúreþan-lakki. Þornunartími milli umferða þarf að vera nægur. Fyrir betri áferð skal slípa á milli umferða með mjög finum sandpappír. Efnin eru mjög sterk og mikilvægt er að loftræsta og nota kolagrímu. Þegar lakkið er þornað skal fylla baðkarið af köldu vatni og láta standa í klukkustund, þá er það tilbúið.
Heimild: www.slippfelagid.is



GRILL KÓNGURINN

ELDHEIT ÍSLENSK HÖNNUN

SVUNTA
HANSKI
HÚFA
Í HANDSKREYTTUM
GJAFAPOKA

Útsöluastaðir:
Kokka - Dúka - Grillbúðin - Álafoss - 18 Rauðar Rósir - Þjóðminjasafnið -
Dallá - Blómasmiðjan - Garðheimar - Hús handanna, Egilsstöðum -
Pottar og Prik, Akureyri, Aðalbúðin, Siglufirði - Þróstur Ormsson, Ísafirði -
Motivo, Selfossi - Hverablóm, Hveragerði - Póley, Vestmannaeyjum.

Dreifing: Auntsdesign, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi - s. 618 - 3022

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



VINNUSTOFA INNAN VEGGJA HEIMILISINS

ÞÆGINDI VIÐ VINNUNA Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við útfærslu vinnuáðstöðu á heimilinu.

Ýmis störf bjóða upp á að unnið sé frá heimilinu. Þar ber helst að nefna listir, ritstörf, hönnun og ýmsar tölvutengdar starfsgreinar.

Æ fleiri kjósa að vinna heiman frá sér. Internetið býður upp á marga nýja vettvanga til atvinnusköpunar fyrir fólk með hugmyndaflug. Þá skiptir máli að vinnuástaðan sé þægileg og hvetjandi.

Ef pláss leyfir er tilvalið að hafa skrifstofuna eða vinnustofuna í sérherbergi. Þannig er svæðið afmarkað og hægt að eyrmerkja vinnunni allan tíma þar inni. Engu að síður standa margir frammi fyrir því að herbergi heimilisins eru fullskipuð. Þá má að sjálfsgöðu notast við króka og kima. Gott skipulag er aðalatriðið. Einnig er mikilvægt að kenna fjölskyldumeðlimum að virða vinnusvæðið sem slíkt.

Hirslur undir smáhluti, svo sem skriffæri og annað sem tími getur annars farið í að leita að, sem og blaðagrindur og fleira eru góður kostur. Gætið þess að skúffur fyllist ekki af drasli sem kemur starfinu ekki við.


Líklegt er að vinnan fari að einhverju leyti fram við skrifborð en þá er afar mikilvægt að hafa þægilegan stól sem þreytir bakið sem minnst. Athugið svo að hafa borðið í réttri hæð. Meðalvinnudagur er átta klukkustundir og það er nógur tími til að þróa með sér alls konar bakmeiðsli og leiðindi.

STAÐSETNING

Ef möguleiki er á því er gott að finna stað nálægt glugga. Dagsbirtan og hreina loftið auðveldar langar vinnutarnir. Hafið þó í huga að staðsetja tölvuna þannig að sólarljósið skíni ekki á skjáinn. Dökk gluggatjöld sem rulla má niður á ögurstundum eru tilvalin. Athugið einnig að raki í lofti skemmir raftæki og sé tölvan aðalvinnutækið er mikilvægt að passa vel upp á hana.

Sumum finnst óþægilegt að snúa baki í dyrnar og öðrum finnst suð í sjónvarpinu taugatrekkjandi. Hafið ykkar hentisemi því það er auðvelt að láta litla hluti trufla sig þegar athyglin er mikilvæg.

Hvar eru innstungur í herberginu? Það er bæði ljótt og pirrandi að hafa framlengingarsnúror liggjandi um allt gólf svo



athugið þetta áður en hafist er handa.

Látið fara vel um ykkur við störf í formlegu rými frekar en að vinna formlega í þægilegu rými. Ykkur verður að líða eins og þið séuð í vinnunni en það er ástæðulaust að smella sér í dragt eða jakkaföt og herða bindið upp í háls.

MARKMIÐ

Ef atvinna ykkar byggist á sjálfstæðri vinnu er mikilvægt að setja sér markmið. Það getur reynst erfitt að halda sér við efnið án þess að fá hvatningu frá vinnufélögum. Setjið markmið fyrir daginn, vikuna, mánuðinn og árið. Skrifðið þau niður og rifjið upp reglulega.

EKKI GLEÝMA AÐ TAKA HLÉ

Það er ekki að ástæðulausu sem fólk talar um að vilja ekki taka vinnuna heim með sér. Það er mikilvægt að taka sér hlé frá vinnu og sinna öðrum áhugamálum, jafnvel þótt vinnan sé aðaláhugamálið.

■ halla@365.is

EF UNNIÐ ER HEIMA

Mikilvægt er að huga að vinnuáðstöðunni.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir



GLUGGAR OG HURÐIR

Ert þú að kaupa vottaða glugga og hurðir?

- Gluggar
- Svalahurðir
- Opnanleg fög
- Rennihurðir
- Útidyrhurðir
- Bílskúrshurðir



Gluggar og hurðir frá Selós eru CE vottað og prófuð hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Stofnað 1973

Selós // Gagnheiði 72 // Selfoss // Sími 482 4100

www.selos.is

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 6751



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Júlíus Jóhannsson
Sölufulltrúi
sími 823 2600



Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286

Við erum Landmark*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.

Funkis hús á Arnarnesi

Fasteignamarkaðurinn ehf. sími 570-4500 kynnir mjög fallegt, vel skipulagt og vandað 312 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað á sunnanverðu Arnarnesinu.



Fallegt hús við Mávanes á Arnarnesi í Garðabæ.

Húsið er mjög fallegt „funkis“-hús með koparþakkanti og gólfsíðum gluggum að hluta. Útsýni til sjávar er á milli húsa, úr stofum.

Aðalhæð hússins er 194,9 fermetrar, bílskúrinn er 49,2 fermetrar og skráð rými í kjallara er 67,9 fermetrar. Auk þess eru í kjallara 125 fermetrar sem eru óskráð og óinnréttað rými.

Á efri hæð hússins er forstofa, gestasalerni, eldhús með góðri borðaðstöðu, þvottaherbergi, samliggjandi hjólaherbergi, borðstofa, svefnangangur, stórt herbergi (á teikn. 3 herbergi), barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi.

Í kjallara: Tvö stór barnaherbergi, eitt minna barnaherbergi, forstofa, baðherbergi með sturtu og tvær geymslur auk um 130 fermetra rýmis sem er úppfyllt og óinnréttað, ekki getið í Fasteignaskrá Íslands.

Lýsing eignar:

Forstofa og gestasalerni er flísalagt. Samliggjandi glæsilegar stofur, parketlagðar með gólfsíðum gluggum. Borðstofan er flísalögð og rúmgóð með útgangi á stóra og skjólsæla verönd til suðurs.

Eldhúsið er parketlagt og með fallegum innréttingum úr aski með graníti á borðum. Þvottaherbergið er með góðum innréttingum og útgangi á lóð.

Svefnangangur er parketlagður og með fataskápum. Stórt herbergi, (á teikningum 3 herbergi) og barnaherbergi.

Hjónaherbergi er stórt, parketlagt og með góðum fataskápum. Úr hjónaherbergi er innangengt

í baðherbergi og útgangur á lóð. Baðherbergi er allt nýendurnýjað, flísalagt. Bæði baðkar og sturtuklefi, góðar innréttingar með graníti á borði.

Í kjallara er forstofa með fatahengi og þrjú herbergi. Geymsla með hillum. Úppfyllt rými u.þ.b. 130 fermetrar, gólf ekki steypt en gluggar að hluta. Bílskúr er tvöfaldur með gluggum, gönguhurð, rafmagni, hita og rennandi vatni.

Húsið að utan er í góðu ástandi, nýlega málað. Koparþakkantur er á öllu húsinu og dúkur á þaki er í lagi. Lóðin er stór, ræktuð og skjólsæl með góðum veröndum og stöttum. Híti er í innkeyrslu og göngustígum við húsið.



Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi

FASTEIGNASALAN **BÆR**
www.fasteignasalan.is

Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir



Vísir þú að...
Foreldrum og veirvöldum
þer að tryggja öryggi barna

heimili
FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
sölufulltrúi og
lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Ruth Einarisdóttir
sölufulltrúi




Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



Eyrarskógur, sumarhús
Fallegur og velviðhaldinn 47 fm sumarbústaður ásamt geymsluhúsi í kjarrvöxnu umhverfi með útsýni yfir Eyrarvatn og Vatnaskóg. Sölpallur umlykur húsið á þrjá vegu. Tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti. Laus strax. Ekkert áhvilandi. V. 11,9 m.



Háteigsvegur 2
111,3 fm sérhæð á tveimur hæðum í nýppgerðu húsi á besta stað í borginni. Sérinnangangur. Parket og flísar á gólfum. Þrjú svefnherbergi. Tvennar svalir. Verð 33,9. **Opið hús í dag frá 17:15-18:00.** Gústaf Adolf lgf. 895-7205.



Kleppsvegur - 2ja herb
Vel skipulögð 63 fm íbúð á 2. hæð. Stór stofa og svefnherbergi og góðar svalir í suður. Húsið endurbætt 2007. Laus fljótlega. V. 15,9 m. 3



Guðrúnargata - Sérhæð
Mjög skemmtileg 5 herbergja íbúð í tvíbýli 126 fm. Eignin skiptist í tvær hæðir. Tvær stofur og þrjú svefnherbergi. Glæsileg staðsetning við Klambatúnið. Góður garður í rækt. V 32 m.



Krummhólar - 2ja + bílsk.
Góð 73 fm 2ja herbergja íbúð með sæði í bílskýli. Íbúðin er björt á 1. hæð í lyftuhúsi. Verönd. V. 13,9 Áhv 9,7 m. Laus fljótlega.



Álfohit, Hafnarfirði
Fint 277 fm endaraðhús með tveimur íbúðum og innbyggðum bílskúr sem skiptist þannig: Aðalíbúð og ris 177 fm, íbúð í kjallara 59 fm og bílskúr 41 fm. Lóð frágengin. Miklir möguleikar. V. 49,9 m.



Melbær
Fallegt 280 fm endaraðhús á þremur hæðum. Kjallari og tvær hæðir ásamt frístandandi bílskúr. Mikið endurbætt að innan og möguleiki á aukaíbúð í kjallara. Fallegur garður með sölpalli. V. 55,9 m. Skipti á minni eign möguleg.



Viðimelur, 2ja herb.
Mjög góð 2ja herb 60 fm íbúð á miðhæð í þrjúbýlishúsi. Mikið endurbætt, góðar svalir og sölpallur í suður. **Tilboð, áhv. 18,2 íls.**



Hávegur - einbýli á einni hæð.
Mikið endurnýjað 136 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 61,2 fm bílskúr við Háveg í Kópavogi. Gróinn og fallegur garður í mikilli rækt. V 46,9 m.



Nýjar eignir!
Fjöldi nýrra eigna á söluskrá á heimasíðu okkar www.heimili.is. Flestar stærðir og gerðir á mismunandi verðum.



**ENGJATEIGUR 7
TIL LEIGU EÐA SÖLU**

GLÆSILEG SKRIFSTOFUBYGGING

Vegna flutnings höfuðstöðva Ístaks hf. að Bugðuflljóti 19, Tungumelum í Mosfellsbæ er þessi glæsilega skrifstofubýgging til leigu eða sölu. Sjálf skrifstofubýggingin er 2.809,0 fm að stærð, þrjár hæðir og kjallari auk 1.051 fm bílakjallara. Fasteignin skiptist í móttöku, afstúkaðar skrifstofur og opin vinnurými, fundarsali, fyrirlestrarsal, tæknirými, skjalageymslur, eldhús með matsal o.fl.

Möguleiki er að leigja eignina út í hlutum skv. nánara samkomulagi. Húsið er byggt árið 2003 og er samstarfsverkefni á milli dónsku arkitektastofunnar KHR arkitekta og Arkis arkitekta. Byggingin er hönnuð sem opin, gegnsæ og gagnvirk bygging sem hvetur til samskipta fólks. Dagsbirta og árstíðirnar endurspeglast innanhúss í stórum gluggaflötum. Byggingin er vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík og í góðum tengslum við Laugardalinn. Eignin getur verið laus til afnota fljótlega.

SÉRBYLI

**EINBYLISHÚSALÓÐIR
Í GARÐABÆ**

Lóðirnar nr. 11, 13 og 15 við Rjúpnahæð í Garðabæ eru til sölu.

Lóðirnar eru frá 782,0 upp í 858 fm. og geta selst saman eða í sitthvoru lagi. Byggingarhæfar strax, með greiddum gatnagerðargjöldum. Verðtilboð.



Aragata

Fallegt og afar vel staðsett 314,4 fm einbýlishús á þremur pöllum auk ríslófts á þessum eftirsóttá stað. Tvær íbúðir eru í húsinu og er sér inngangur í hvora um sig. Aðalíbúðin skiptist m.a. hol, þrjár samliggjandi skiptanlegar stofur með útgangi á verönd og lóð, eitt herbergi inn af stofu (á teikningu forstofuherbergi), eldhús með upprunalegum sérsmíðuðum innréttingum og þrjú herbergi á svefngangi. Nýlega hefur verið skipt um inntök og ljósleiðari lagður í húsið. Lóðin er 762,0 fm að stærð, ræktuð. Hægt er að koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Verð 79,9 millj.



Sóleyjarími.

Vandað 208,3 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar og skemmtilega hönnuð lýsing. Stofa og borðstofa með eldstæði og útgengi í garð. Einnig útgangur á verönd úr eldhúsi. Þrjú svefnherbergi, en möguleiki er að gera sjónvarpsrími að fjórða herberginu. Gólfhitu. Góð afgirt viderverönd framan við húsið og góð hellulög aðkoma. Matjurtgarður baka til. Verð 47,7 millj.

GARÐABÆR

Vel staðsett 310 fm. einbýlishús með innbyggðum 36 fm. bílskúr á Flötunum alveg niður við lækinn. Eign sem þarfnast nokkurra endurbóta.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali.



Pingasel

Glæsilegt 363,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. er búíð að skipta um öll gólfefni, innréttingar, innihurðir, bæði badherbergi o.fl. Stórt opið rými sem í eru samliggjandi stofur með útsýni að Esjunni. Stórt eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu. Sjónvarpsstofa inn af holi. Mjög stórt hjónaherbergi með miklum fataskápum og innréttingum. 3 barnaherbergi. Innaf tvöföldum bílskúr eru góðar geymslur og rými sem nýtt hefur verið undir líkamsrækt. Stór lóð með skjólgóðum veröndum. Verð 67,0 millj.



Kaplaskjólsvegur

Vel skipulagt og fallegt 187,0 fm. endarahús á pöllum auk 30,0 fm. bílskúrs í vesturbænum. Stórar og bjartar stofur. Sjónvarpsbol. Eldhús með góðri borðaðstöðu. 5 herbergi. Nýlega endurnýjað badherbergi. Stórar suðursvalir og rúmgóð afgirt lóð til suðurs með hellulagðri verönd. Hús í góðu ástandi að utan. Verð 59,0 millj.



Mariubaugur. Skipti möguleg á minni eign

Glæsilegt 150 fm. endarahús að meðtöldum 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eigninni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgóð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Glæsileg lóð með stórrími timburverönd til suðurs og heitum potti. Leik- og grunnskóli í næsta nágrenni. Verð 47,5 millj.



Bláskógar.

Vandað og þó nokkuð endurnýjað um 290,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum bílskúr á fallegum útsýnisstað. Í húsinu eru tvær íbúðir og er sér inngangur í hvora fyrir sig. Aðalíbúðin skiptist m.a. í samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús, nýendurnýjað badherbergi og 4 herbergi. Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Hiti í innkeyrslu. Þakkantur, gluggar og hús að utan eru nýlega máluð. Verð 69,0 millj.



Birkigrund - Kópavogi

Gott raðhús um 232 fm. að stærð að meðtöldum 26,6 fm. frístandandi bílskúr. Auk þess er ríslóft sem er ekki inni í fermetratölu hússins. Eignin er tvær hæðir, kjallari og ris. Á aðal-hæðum eru m.a. eldhús, stofa, borðstofa, fjölskyldu-/sjónvarpsrími og 3 rúmgóð herbergi. Rísið er eitt rými með fjórum góðum þakgluggum. Sér inngangur í kjallara og því mögulegt að skipta eigninni í tvær íbúðir. Skjólssæl garður í góðri rækt. Vel staðsett eign í barnvænu hverfi. Stutt í þjónustu. Verð 45,0 millj.



Víðarás

Fallegt og vandað 160,3 fm parhús á einni hæð að meðtöldum 26,9 fm. bílskúr. Eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, rúmgott hjónaherbergi og 2 barnaherbergi. Hiti í innkeyrslu og stéttum og skjólgóð verönd til suðurs út af stofum. Útsýnis nýtur að Rauðavatni, að Bláfjöllum og víðar. Stutt í skóla og leikskóla. Verð 45,5 millj.



Stokkseyri

Glæsilegt einbýlishús á einstökum stað með stórkostlegu útsýni. 207,3 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 38,5 fm. bílskúr. Húsið er allt hið vandaðasta, innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Eldhús með eldunareyju. Stofa með gólfíðum gluggum og mikilli lofthæð. 4 svefnherbergi. Gólfhitu er í öllu húsinu. Hellulög verönd umlykur húsið á þrjú vegu. Heitur pottur á verönd. Húsið er klætt að utan með standandi harðviðarklæðningu og lágrétta báruáli. Gluggar og úthurðir út tekki. **Ahvilandi hagstæð lán kr. 33,7 millj. Greiðslubyrði um kr. 165 þús. pr.mán. Verð tilboð. Frábær staðsetning á fallegum stað á sjávarkambi með útsýni til suðurs, vesturs og austurs.**



Klettás- Garðabæ

Mjög vandað og vel skipulagt 180,0 fm. tvílyft raðhús með 22,2 fm. innbyggðum bílskúr á skjólgóðum útsýnisstað í Asahverfinu. Vandaðar hvítar sprautulakkaðar innréttingar og fataskápar eru í húsinu. Á teikningum eru 5 svefnherbergi, en í dag eru 3 svefnherbergi og stofurými á efri hæð stórt og opið. Aukin lofthæð á efri hæð og innfelld lýsing í loftum. Suðursvalir út at stofum. Stór verönd með skjólvegjum. Hiti í innkeyrslu og stétt. Verð 54,9 millj.

4 - 6 HERB.



Vatnsstígur

Glæsileg 4ra herbergja 119,3 fm. útsýnisíbúð á 7. hæð auk 13,3 fm. geymslu í kjallara og stæði í bílageymslu í nýju lyftuhúsi í hjarta borgarinnar. Allar innréttingar og skápar í íbúðinni eru íslensk sérsmíði frá GKS. Rúmgóð og björt stofa/ borðstofa með frábæru útsýni til norðurs. Bókastofa með útgengi á svalir og með útsýni til suðurs. Íbúðin er parketlögð með fljótandi plankaparkei. Hiti er í gólfum badherbergis og gestasnyrtingu. Húsið er hannað af arkitektastofunni Schmitt, Hammer og Larsen og Hornsteinum. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.**



Hofakur - Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð

Falleg og björt 120,4 fm. 4ra herbergja íbúð á efstu hæð auk sér stæðis í bílageymslu og 20,2 fm. sér geymslu í kjallara. Allar innréttingar og gólfefni eru úr eik. Vönduð tæki í eldhúsi og eyja. Þvottaherbergi innan íbúðar. Suðursvalir. Frábært útsýni úr stofu til norðurs og vesturs. Tvö svefnherbergi. Verð 39,9 millj.



Eikjuvogur- efri sérhæð.

Falleg 200,8 fm. sérhæð á tveimur hæðum auk 34,3 fm. bílskúrs. Eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Rúmgott eldhús. Tvær samliggjandi stofur með útgengi á suðvestursvalir. Fjögur herbergi. Allar raflagnir og töflur eru endurnýjaðar og húsið var málað og viðgert fyrir um 5 árum síðan. Stór lóð með timburveröndum. Verð 48,5 millj.

Höfum fengið til sölumeðferðar nýlega endurnýjað 260 fermetra einbýlishús með miklu sjávarútsýni á 1.500 fermetra eignarlóð á sunnanverðu Arnarnesi“

Nánari upplýsingar veitir
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



Ljósáland. 5 herbergja íbúð ásamt bílskúr.

Afar vönduð og smekkleg 120,7 fm. íbúð á 3. hæð auk 2,3 fm. geymslu í kjallara og geymslu innan íbúðar. Innréttingar hannaðar af Rut Káradóttur, innanhússarkitekt. Rúmgóð stofa. Borðstofa við eldhús. Bæsuð hnota í innréttingu í eldhúsi. Þrjú herbergi. Stórar yfirbyggðar svalir í suðvestur. Stórkostlegt útsýni. Verð 37,9 millj.



Laugavegur

Glæsileg 88,7 fm. íbúð á 2. hæð í nýlegu húsi í miðbænum Svalir eru út á Laugavegin frá stofu og útgangur í þakgarð með heitum potti til suðurs úr hjónaherbergi. Nýtt parket og flísar eru á gólfum og nýjrir gólfplatar. Hús nýlega málað að utan. Mjög falleg og vönduð íbúð á frábærum stað. Verð 34,9 millj.



Straumsalir-Kópavogi. 5 herb. með 4 svefnherb.

Mjög falleg 129,8 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opíð eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. Verð 37,9 millj.



Heiðargerði.

Góð 77,7 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi með góðum garði á rólegum og barnvænum stað. Nýleg ljós innrétting í eldhúsi. Tvö herbergi. Parketgöð stofa. Aðkoma góð og garður í rækt. Verð 18,6 millj.



Fjölisvegur- efri sérhæð

Góð 4ra herbergja 109,3 fm. efri sérhæð auk ríssi í tvíbýlishúsi á þessum eftirsóttasta stað. Aukin lofthæð er á hæðinni og útsýnis nýtur frá íbúðinni. Hæðin skiptist í samliggjandi opnar stofur, eldhús, tvö herbergi, flísalagð baðherbergi og þvottastöðu. Í rísi lítið rúmi (geymsla). Svalir út af stígapalli. Verð 37,5 millj.




Bjarkarás – Garðabæ. Efri sérhæð.

Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölbýli. Sér staði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 2 herbergi. Geymsla innaf þvottaherbergi. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.



Ásakór-Kópavogi. 5 herbergja íbúð með bílskúr.

Glæsileg 154,7 fm. 5 herbergja íbúð á efstu hæð auk bílskúrs með 8,4 fm. geymslu innaf. Tvennar svalir eru á íbúðinni til suðurs og austurs og fallegt útsýni. Rúmgóð stofa, eldhús opíð við stofu og 4 rúmgóð herbergi. Stutt í skóla, sundlaug og verslanir. Verð 39,9 millj.




Hjallavegur.

Góð 59,0 fm. íbúð á efstu hæð í góðu þrívíðishúsi á þessum eftirsóttasta stað. Um er að ræða mjög fallega og vel umgengna íbúð í í upprunalegum stíl frá árinu 1965. Góðar svalir í suðaustur út af stofu. Þvottastöða á baðherbergi. 2 svefnherbergi. Verð 18,5 millj.



Strandvegur- Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð

Mjög falleg og vönduð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með mikilli lofthæð í vönduðu litlu álklaeddu fjölbýlishúsi. Stórar stofur með 4,5 metra lofthæð og gólf-síðum gluggum. Flísalagðar svalir. Opíð eldhús við stofu með eyju. Þrjú rúmgóð herbergi, öll með fataskápum. Sér staði í bílageymslu. Verð 36,9 millj.



Vesturvallagata.

Vel skipulögð og vel staðsett 77,4 fm. íbúð í góðu steinhúsi. Björt stofa með útgangi á flísalagðar svalir til suðurs. Falleg ar uppperðar eldri innréttingar í eldhúsi. Tvö góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. Laus til afhendingar strax. Verð 22,9 millj.

3JA HERB.



Sörlaskjól. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.

Mjög falleg 90,3 fm. íbúð með sérinngangi í kjallara í tvíbýlishúsi. Íbúðin er mikil endurnýjuð m.a. gólfefni, allar innréttingar, innihurðir, baðherbergi, innrétting í eldhúsi, raflagnir og tafla. Björt og rúmgóð stofa. Tvö herbergi. Lóð er nýlega endurnýjuð. Verð 26,9 millj.



2JA HERB.

Hörðaland.

Góð 61,8 fm. íbúð á 1. hæð, jarðhæð, auk sér geymslu á hæðinni í þessum eftirsóttu fjölbýlum í Fossvoginum. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Rúmgott svefnherbergi. Björt stofa með útgangi á hellulagða verönd. Sameign snyrtileg. Verð 18,5 millj.



Frábært fjárfestingartækifæri í Þingholtunum

Um er að ræða þrjú eignarhluta sem seljast í einu lagi. Verslunarhúsnæði er á jarðhæð auk tveggja eignarhluta á 2. hæð samtals 240,1 fermetrar. Eignarhlutana á 2. hæð hússins sem eru tilbúnir undir innréttingar mætti mögulega fá samþykka sem tvær íbúðir og innrétta þá sem slíka. Kjöríð tækifæri fyrir fjárfesta eða iðnaðarmann til að innrétta eignina og útbúa íbúðir á efri hæð. Verð 54,9 millj.

SUMARBÚSTAÐIR



Sumarhús – Svinadal

Glæsilegt 84,2 fm. sumarhús við Neðstaás í landi Kambhólslands, Svinadal. Húsið skiptist í gang, stofu og eldhús í opnu rými með góðri lofthæð, þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu- og gufuklefa, þvottastöðu auk rúmgóðs svefnlofts með geymslurými. 12 fm. gestahús á lóð. Lóðin er leigulöð 4.500 fm. að stærð, gróin og kjarri vaxin. Viðarverönd um 270 fm. umlykur bústaðinn. Heitur pottur á verönd. Verð 35,0 millj.



Sumarbústaður við Þingvallavatn við Hestvík.

59,1 fm sumarhúsið er einstökum útsýnisstað í landi Nesja við Hestvík. Húsið stendur á skógi vaxinni eignarlóð og skiptist í forstofu, stofu/borðstofu og eldhús í opnu rými, 3 herbergi og baðherbergi auk svefnlofts. Stór timburverönd er umhverfis húsið. Verð 35,0 millj.

EIGNIR ÓSKAST

STRIKIÐ 2-10 SJÁLANDI- GARÐABÆ
3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST
MEÐ YFIRBYGGÐUM SUÐURSVÖLUM OG STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

250-300 FM SNYRTILEGT LAGER- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
ÓSKAST TIL KAUPS Í LINDUM, SMÁRUM, DALVEGI OG VOGUM
EÐA NÁGRENNI

MÍÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK
ÓSKUM EFTIR UM 1.000 FM. LAGERHÚSNÆÐI MEÐ GÓÐRI
LOFTHÆÐ AUK UM 300 FM. VERSLUNARÝMIS. VÖRUMÓTTAKA
MEÐ AÐKOMU OG AÐSTAÐA FYRIR GÁMA SKILYRÐI

ÓSKUM EFTIR 80 – 100 FM ÍBÚÐ Í LEITUM
FYRIR TRAUSTAN KAUPANDA

100 FM ATVINNUHÚSNÆÐI ÓSKAST Á JARÐHÆÐ
MEÐ SÉRINNGANGI Í HLÍÐUM, HOLTUM, MIÐBÆ EÐA
VESTURBÆ


VANTAR Í EFTIRFARANDI PÓSTNÚMERUM

- 101 - ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM
- 101- ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSUM OG SÉRHÆÐUM
- 105- ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM
- 105 – ÓSKUM EFTIR SÉRHÆÐUM
- 107 – ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM
- 107- ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSUM OG SÉRHÆÐUM
- 210- ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA



Grettisgata

GUÐSDÝRKUN náttúrunnar er stórkostleg á hinum ljósa tíma. Fuglakórar syngja í hinni miklu dómkirkju sköpunarverksins. Þegar hrossagaukar syngja vængjasálma sína ljóða þeir um heimsljósið. Þegar lækur hjalar í hvammi eða foss þrumar í gljúfri má heyra röddina forðum við Jórdan-skírni: „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.“ Tré breiða út lauffingur sína mót himinhvelfingu og barrfingur beina sjónum í hæðir. Blærinn hvíslar miskunnarbænir og golan syngur sálma í kvistinum. Þeyrinn bræðir frera á fjöllum, vatnið streymir, næring alls lífs og myndar jafnvel kraftgefandi dögg á nóttu. Um æðar smáplantna fer næring og messuskrúði náttúrunnar tekur fram öllu litríki tískuheims og litagnótt kirkjuhúsanna. Egg eru eilífðartákn og litlir goggar á leið út í heim verða vitnisburðir um að lífið lifir og Guð man eftir handarverkum sínum, líka okkur mönnum. Döggin laðar í aftureldingunni og það er ekki of seint að velta sér. Vatn og ljós – kunnugleg stef. Messa náttúrupostulans er góð.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Syngur óperu í Vínarborg

Ungur íslenskur söngnemi, Agnes Þorsteinsdóttir, tekur þátt í uppfærslu á Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart í Vínarborg. Hún fer með hlutverk Marcellinu. Óperan verður flutt í Schlosstheater Schönbrunn en þar er elsta rókókóleikhús Vínarborgar sem var opnað árið 1747. Tilefni þessa flutnings er að bjóða upp á óperusýningu fyrir ferðamenn og gefa um leið ungum söngvurum tækifæri til að nota sumarið til að öðlast reynslu og bæta við þekkingu sína.

Agnes er á fyrsta ári í söngnámi þar ytra, en áður hefur hún lokið prófi í söng og píanóleik frá Tónlistarskóla Garðabæjar.



AGNES ÞORSTEINSDÓTTIR Fer með hlutverk Marcellinu í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart, sem sýnt er í Vín.

Óperan verður frumsýnd 12. júlí en fyrirhugaðar eru sjö sýningar til júliloka.

Þverflauta og selló á Þingvöllum

Hjónin Sigurgeir Agnarsson sellóleikari og Berglind Stefánsdóttir flautuleikari koma fram á þriðju tónleikunum í tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju annað kvöld.

Sigurgeir og Berglind munu bjóða upp á afar fjölbreytta og litríka dagskrá með verkum eftir Handel og Bach auk nokkurra ástsælla íslenskra laga. Einnig flytja þau tvö 20. aldar einleiksverk: Dans geitarinnar fyrir flautu eftir Honegger og sönötu Ligetis fyrir selló þar sem tónskáldið fjallar um ástir og dramatískt uppgjör og engum verður hlíf í mikilli nánd litlu kirkjunnar.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er ókeypis aðgangur.



SELLÓ OG FLAUTA Hjónin Sigurgeir og Berglind leika á selló og flautu í Þingvallakirkju á morgun.

Bækur ★★★★★

Stasiland. Sögur af fólki handan Berlínarmúrsins

Anna Funder. Elín Guðmundsdóttir þýddi.

Forlagið

Líf undir leitarljósi

Hvernig er að lifa við það að hver sem þú hittir geti verið uppljóstrari fyrir leyniþjónustuna? Kennarinn þinn, samstarfsfólk, vinir, ættingjar, nánasta fjölskylda? Við þennan veruleika bjuggu íbúar Austur-Þýskalands, en haft er fyrir satt að hvergi á byggðu bóli hafi verið jafn margir uppljóstrarar á hvern íbúa.

Bókin Stasiland segir sögu venjulegs fólks í Austur-Þýskalandi. Fólks sem reyndi að byggja sér upp eðlilega tilveru í óeðlilegu umhverfi. Sumir hugðu á flóttu yfir múrinn, aðrir aðstoðuðu við flóttu, sumir voru bara að reyna að lifa lífinu. Aðrir unnu hjá Stasi og sumir voru uppljóstrarar.

Líf Berlínarbúa breyttist í einu vetfangi árið 1961 þegar Austur-Þjóðverjar hófu að reisa Berlínarmúrinn. Við tók tímarskeið þar sem yfirvöld gerðu allt til að halda þegnunum innan landamæra ríkisins. Berlínarmúrinn féll árið 1989 og saga hans spannar því ekki nema 27 ár, en hann hafði áhrif á fjölmargar kynslóðir.

Anna Funder hefur unnið þrekvirkni með bókinni Stasiland. Hún leiðir lesandann inn í heim sem honum finnst svo fjarlægur, en í raun er rétt tæpur aldarfjórðungur síðan hann var veruleiki ótal fólks. Stasiland er áhrifamikil bók og veitir magnaða innsýn í líf Austur-Þjóðverja. Líf undir leitarljósi leyniþjónustunnar Stasi. Sérstaklega er áhrifamikil að lesa viðtöl við fyrrum Stasimenn. Uppljóstrarar leyniþjónustunnar fengu lítið fyrir sinn snúð, einhverja peninga og gjafir af og til. Hvers vegna voru þeir þá að þessu? Jú, þeim fannst þeir skipa veigamikinn sess í þjóðfélagsgerðinni rétt á meðan þeir áttu sína reglulegu fundi við leyniþjónustuna. Og fólk var fangelsað og fólk dó.

Stasiland er bók sem allir ættu að lesa. Hún sýnir hve hugmyndafræði getur afvegaleitt valdhafa með skelfilegum afleiðingum fyrir þegnana. Funder tekst á beinskýttan hátt að sýna líf fólksins undir járnhæl Stasi. Það er saga sem aldrei má gleymast.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Niðurstaða: Mögnuð bók um líf undir harðstjórn austur-þýskra yfirvalda. Yfirvegaðar frásagnir af venjulegu fólki við óvenjulegar aðstæður.

SIEMENS

Råd & Rön
GÓÐ KAUP

April 2012

eco PLUS frá Siemens
Hjúgung sem sparar orku

Siemens uppþvottavélar fá hæstu einkunn þriðja árið í röð!

www.sminor.is

Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í ecoPLUS-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki.

*Einnig fánleg í stáli.

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum. Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Buslað í barnalauginni

Bió ★★★★★

What to Expect When You're Expecting

Leikstjórn: Kirk Jones

Leikarar: Cameron Diaz, Jennifer Lopez, Elizabeth Banks, Ben Falcone, Chace Crawford, Brooklyn Decker, Anna Kendrick, Dennis Quaid, Chris Rock, Rebel Wilson



ALDREI LEIÐINLEG What to Expect When You're Expecting er ágætis óléttugrin, en ristir ekki djúpt.

leiðinleg. Hún inniheldur hins vegar svo margar persónur að óhjákvæmilega heldur hún sig í grunnu lauginni að mestu. Þetta sést best á sögunni um parið sem missir föstur. Okkur er ekki gefinn tími í upphafi til að kynna þeim og samgledjast. Fósturlátið hefur því litla dramatíska vigt og áður en áhorfandinn fer að brjóta heilann af mikið er klippt yfir á Chris Rock að segja eitthvað fyndið.

Gamanmyndin What to Expect When You're Expecting er byggð á gamalli amerískri óléttuhandbók og snertir á helstu flötum þess að ganga með barn og koma því í heiminn. Persónurnar eru svo margar að mér myndi ekki endast opnan í að útlista nánar hverjar þeirra ganga í gegnum hvað. Rauði þráðurinn virðist vera sá að allir vilji eignast börn en aðferðirnar og aðdragandinn séu mismunandi eftir hverjum og einum. Þegar foreldrið heldur svo á glænýju og glansandi afkvæminu í fyrsta sinn finnst því þetta allt saman hafa verið þess virði.

Hér er fullt af hæfileikum til staðar og myndin verður aldrei

En fyrst við erum að tala um húmor þá er hann í hæfilegu magni hér. Fyrirnefndur Rock er ágætur, hin íturvaxna Rebel Wilson er skemmtileg (eins og íturvöxnum gamanmyndakonum ber að vera) en það er hinn lítt þekkti Ben Falcone sem á bestu atriðin hér, bæði í gríneldinni og dramatíkinni. Körfuboltaþabbar fá líka óvæntan glaðning í upphafi myndar þegar ónefnd NBA-hetja tekur nokkur dansspor.

Sögurnar tvinnast saman í lokin og allir fá að fara heim með litla kraftaverkið sitt. Og auðvitað er ekki hjá því komist að bauna því á barnleysingjana að þeir kynnist ekki sönnum kærleika fyrr en þeir drullast til að afrita erfðamengi sitt. Það má svo sem vera að það sé rétt. Ég hef enn ekki hugmynd um margt af því sem þungun hefur í för með sér, þrátt fyrir að hafa horft á What to Expect When You're Expecting. Kannski þarf maður að lesa bókina líka.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Ágætis óléttugrin sem skilur þó alla eftir ósnortna.

Megrúnarkúririnn skapaði vandræði

Unnsti leikkonunnar Anne Hathaway, Adam Shulman, er sagður óánægður með þær ófgafullu breytingar sem Hathaway hefur þurft að ganga í gegnum fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Les Misérables.

„Anne og Adam hafa rifist mikið undanfarið, eða allt frá því hún byrjaði á þessum ófgafullu megrúnarkúrum. Hún hefur verið pirruð og þreytt síðan þá og það hefur ýmis vandamál með í för,“ var haft eftir vini parsins. Shulman er einnig sagður ósáttur við það að Hathaway hafi klippt sig stutt fyrir hlutverkið. „Hann elskaði hárið hennar og finnst hún líkjast veiklulegum strák án þess.“

Shulman og Hathaway hafa verið saman frá árinu 2008 og er Shulman leikari að mennt.



ÓSÁTTUR? Adam Shulman er sagður ósáttur við hinar róttæku breytingar sem Anne Hathaway hefur gengið í gegnum.

Öfundsjúkur

Ryan Gosling er sagður öfundsjúkur vegna vináttu Evu Mendez við fyrrum kærasta hennar til átta ára, George Gargurevich.

„Ryan og Eva hafa mikið rifist vegna vináttu hennar og George. Þau eru að vinna saman að heimilislínu undir nafninu Vida og Ryan finnst þau eyða of miklum tíma saman og vill að þetta taki enda fljótt,“ hefur tímaritið Star eftir ónefndum heimildarmanni.

Mendez er þó á öndverðum meidi og finnst ekkert að því að henni og Gargurevich sé enn vel til vana eða reki saman fyrirtæki. „Henni er annt um vináttu þeirra og vill ekki að George hverfi burt úr lífi hennar bara vegna þess að Ryan er öfundsjúkur.“

RYAN GOSLING



LAUGARÁS BIÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

miði.is Miðasala og nánari upplýsingar

WHAT TO EXPECT WHEN YOU'RE EXPECTING KL. 5.50, 8, 10, 15
 INTOUCHABLES - ISL TEXTI KL. 4, 8, 10, 20
 MADAGASCAR 3 3D KL. 4, 6
 MADAGASCAR 3 2D KL. 4
 SNOW WHITE KL. 7, 10

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING KL. 5.35 - 8 - 10.25 L
 WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS KL. 5.35 - 8 L
 MADAGASCAR 3D ISL.TAL KL. 3.40 - 5.50 L
 MADAGASCAR 2D ISL.TAL KL. 3.30 L
 PIRANHA 3D ÓTEXTUÐ KL. 8 16
 PROMETHEUS 3D KL. 5.20 - 8 - 10.30 16
 PROMETHEUS 3D LÚXUS KL. 10.30 16
 PROMETHEUS 2D KL. 10 16
 MIB 3 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 10

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

SAMBÍÓIN **SAMBIO.IS**

FRÁ LEIKSTJÓRA HAIRSPRAY KEMUR PARTYMYND SUMARSINS

ROCK OF AGES „Fílgúdd fjór alla leið“
 JULIANNE HOUGH DEBO BUNETTA RUSSELL BRAND PAUL GIAMATTI
 CATHERINE ZETA-JONES MALIN AKERMAN MARY J. BLIGE ALEG BALDWIN
 TOM CRUISE STACEE JAXX

Ástir, Kynlíf og Rokk og Ról

FRÁ HÓFUNDI NOËLBOOK

THE LUCKY ONE
 JOHN CUSACK ER EDGAR ALLAN POE

THE RAVEN

ALFABAKKA
 ROCK OF AGES KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D
 ROCK OF AGES LÚXUS VIP KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D
 MADAGASCAR 3 M/ISL.TAL KL. 3:40 - 5:50 3D
 MADAGASCAR 3 M/ISL.TAL KL. 3:40 - 5:50 2D
 MADAGASCAR 3 ENSKUL.TAL KL. 8 2D
 SNOW WHITE KL. 8 - 10:10 2D
 LOL KL. 3:40 - 5:50 - 8 2D
 THE RAVEN KL. 10:40 2D
 THE DICTATOR KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D
 THE AVENGERS KL. 10:10 2D
 UNDRALAND IBBA M/ISL.TAL KL. 3:40 2D

AKUREYRI
 ROCK OF AGES KL. 8 - 10:30 2D
 MADAGASCAR 3 ISL.TAL KL. 6 3D
 UNDRALAND IBBA ISL.TAL KL. 6 2D
 LOL KL. 8 2D
 SAFE KL. 10 2D

EGILSHÖLL
 ROCK OF AGES KL. 5:25 - 8 - 10:35 2D
 PROMETHEUS KL. 5:25 - 8 - 10:35 3D
 PROMETHEUS KL. 10 2D
 MADAGASCAR 3 ISL.TAL KL. 5:30 3D
 MADAGASCAR 3 ISL.TAL KL. 6 2D
 MADAGASCAR 3 ENSTAL KL. 8 2D
 SNOW WHITE KL. 8 2D
 THE RAVEN KL. 10:40 2D

KRINGLUNNI
 ROCK OF AGES KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D
 MADAGASCAR 3 M/ISL.TAL KL. 5:50 - 8 3D
 MADAGASCAR 3 M/ISL.TAL KL. 5:50 2D
 MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ ENSKUL.TAL KL. 10:10 3D
 THE LUCKY ONE KL. 8 2D
 DARK SHADOWS KL. 10:10 2D

KEFLAVÍK
 ROCK OF AGES KL. 10:20 2D
 WHAT TO EXPECT... KL. 8 2D
 LOL KL. 8 2D
 SAFE KL. 10 2D

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Byggðu þig upp og stefndu hátt!

Taktu Build-up súpur með í fjallgönguna í sumar

Build-up súpunar eru fljótlegar, ljúffengar og næringarríkar. Þær innihalda prótein og trefjar og eru ríkar af vítamínum og steinefnum.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÓÐVAR ÍSLANDS
 Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BIÓ PARADÍS

MÁNUDAGUR: BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR 18:00 ■ COOL CUTS: JAR CITY 20:00 ■ COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC 22:00 ■ BLACK'S GAME 22:00

Út að borða og í bió á Sumartíð og Ung! Sushisamba og Tapasbarinn. SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.

BERNIE JACK BLACK MATTHEW MCCONAUGHEY SHIRLEY MACLAINE

UNG

THULE[®]
SWEDEN

Ferðabox og hjólagrindur



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



SEXTÁN LIÐA ÚRSLIT BORGUNARBÍKARS KARLA hefjast í kvöld með sex leikjum. Klukkan 18.00 hefjast leikir KA og Grindavíkur og ÍBV og Hattar. Klukkan 19.15 eru eftirfarandi leikir: Afturelding-Fram, Þróttur-Valur, Selfoss-KB og Stjarnan-Reynir Sandgerði.



ANÍTA HINRIKSDÓTTIR Fór á kostum í 800 metra hlaupi í Þýskalandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hin 16 ára gamla Aníta:

Bætti tæplega 30 ára met

FRJÁLSAR Frjálsíþróttakonan Aníta Hinriksdóttir, ÍR, bætti í gær 29 ára gamalt Íslandsmet í 800 metra hlaupi á alþjóðlegu unglingamóti í Þýskalandi.

Aníta kom í mark á 2:04,79 mínútum en Ragnheiður Ólafsdóttir átti fyrir metið sem stóð næstum því í 30 ár. Hún leiddi hlaupið allan tímann, fékk talsverða samkeppni undir lokin en kom fyrst í mark á þessum glæsilega tíma.

Aníta er aðeins 16 ára gömul og þykir einnig frábær í 1500 metra hlaupi. Hún er eitt mesta efni sem komið hefur fram á Íslandi í langhlaupum lengi og verður afar spennandi að fylgjast með þessari efnilegu stúlku á komandi árum.

- sáþ

Haraldur og Signý Íslandsmeistarar

Haraldur Franklín Magnús úr GR og Keiliskonan Signý Arnórsdóttir urðu í gær Íslandsmeistarar í holukeppni í golfi eftir æsispennandi úrslitaleiki. Taugar þeirra héldu þegar mest á reyndi í Leirdalnum.

GOLF Veðrið lék við kylfinga í Leirdalnum í Kópavogi um helgina þegar Íslandsmótið í holukeppni fór fram. Margar skemmtilegar rimmur fóru fram en Haraldur Franklín Magnús og Signý Arnórsdóttir stóðu uppi sem sigurvegarar.

„Besta höggið sem ég sló á þessu móti var gegn Andra Þór Björnsyni í átta manna úrslitunum í gær, þar sem ég sló með 4-járni á 14. holu úr einhverjum trjárúna. Og svo var vippið á 12. gegn Hlyni Geir í úrslitaleiknum í dag einnig frábært, þar setti ég boltann í holu. Það geta allir unnið alla í holukeppni, og það sýndi sig á þessu móti,“ sagði Haraldur Franklín sem lagði Hlyn Geir Hjartarson 2/0 í úrslitaleiknum.

Haraldur Franklín er 21 árs gamall og hann er með skýr markmið hvað varðar golfið og framtíðina. Hann ætlar sér að taka 4 til 5 ár að ná markmiðum sínum.

„Ég vinn í Iðnó á kvöldin en annars er ég bara að æfa alla daga eins mikið og ég get. Brynjar Eldon Geirsson er þjálfarinn minn og við erum búnir að setja upp plan fyrir næstu ár. Og atvinnu-mennskan er markmiðið. Ég fer í háskóla í haust í Bandaríkjunum og það er fyrsta skrefið á þessari leið. Vonandi tekst mér að komast í íslenska landsliðið og fá einhver verkefni í sumar og haust.“



ÍSLANDSMEISTARAR Haraldur Franklín og Signý með verðlaunagripum sína eftir Íslandsmótið í Kópavogi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Signý fagnaði sínum öðrum Íslandsmeistaratitli í holukeppni á ferlinum með 2/1 sigri á Önnu Sólveigu Snorradóttur sem er einnig úr Keili.

„Þessi úrslitaleikur var spennandi en ég hafði kannski aðeins meiri keppnisreynslu þarna undir lokin. Það er miklu meiri breidd í kvennagolfinu en áður

og margir sem geta unnið mótið,“ sagði Signý en hún ætlar að flýta sér hægt hvað varðar atvinnu-mennskudraumana.

„Ég veit ekki alveg hvað ég ætla að gera, en mér finnst ekki heillandi að reyna við atvinnu-mennskuna ef það er eintómt fjárhagslegt basl.“

Selfyssingurinn Hlynur Geir

Hjartarson varð að setta sig við silfur en hann lagði Birgi Leif Hafþórsson í undanúrslitum.

„Það eru mörg hundruð góðir kylfingar á Íslandi og ef maður er í verðlaunasæti þá er maður að standa sig. Ég er ekkert að svekkja mig á því að lenda í öðru sæti,“ sagði Hlynur.

seth@frettabladid.is



Þróttur – Valur

Þróttarvöllur kl. 19.15 mánudaginn 25. júní

Baráttan um Kringlumýrarbrautina

Reykjavíkurrisar austurs og vesturs mætast í 16 liða úrslitum Borgunarbikarsins. Þróttur, sem ríkir austan Kringlumýrarbrautar tekur á móti Val sem drotnar vestan megin. Í svona orrustum skiptir form, staða í deild eða saga engu máli. Það eina sem telur er að vera helköttaður!

Haukur Páll mun snúa aftur á Þróttarvöllinn í fyrsta sinn síðan hann yfirgaf Þrótt tímabundið. Þróttarar munu sýna honum að það er tímabært að snúa aftur

Þróttargrillið opnar kl. 18 í félagshúsi Köttara við Þróttarvöll. Borgarar & veigar við allra hæfi í boði. Stuðningsmenn Vals eru boðnir sérstaklega velkomnir að hita upp fyrir leikinn í félagsskap Köttara.

Lifi Þróttur!

Köttarar



Á LEIÐ HEIM Wayne Rooney átti erfitt með að leyndu vonbrigðum sínum eftir leikinn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalía komin í undanúrslit á EM eftir mikla dramatík: Enn tapa Englendingar í vítaspyrnukeppni

FÓTBOLTI Það á ekki við Englendinga að taka þátt í vítaspyrnukeppnum á stórmótum. Það sannaðist enn eina ferðina í gær þegar þeir töpuðu gegn Ítalíu í vítaspyrnukeppni. England hefur aðeins unnið einu sinni átta vítaspyrnukeppnum á stórmótum. Ítalía mun mæta Þýskalandi í undanúrslitum.

Fyrri hálfleikur var mun fjörugri en menn bjuggust við. Bæði lið sóttu af kappi og voru ekki fjarri því að setja mark. Eftir því sem leið á hálfleikinn dró þó af mönnum. Síðari hálfleikurinn náði ekki sömu hæðum og sá fyrri.

Leikurinn var hrútleiðinlegur og varð eingöngu leiðinlegri eftir því sem leið á hann.

Framlenging var óumflýjanleg. Leikmenn voru orðnir afar þreyttir þegar kom að framlengingunni. Í fyrri hálfleik framlengingarinnar gerðist nákvæmlega ekki neitt.

Ítalíska liðið réð algjörlega ferðinni sem fyrr og reyndi að þvinga fram sigur á meðan uppgefnir Englendingar reyndu að komast í vítakeppni þar sem þeim hefur reyndar ekki gengið vel í gegnum árin. Ítalir skorðuð mark á 115. mínútu en það var réttilega dæmt af vegna rangstöðu. Ekki tókst liðunum að skora á 120 mínútum og því varð að grípa til vítaspyrnukeppni.

Þar reyndust taugar Ítala sterkari. Ashley Young skaut í slá og Ashley Cole lét verja frá sér lélegt víti.

Í hinum undanúrslitaleiknum mætast Spánn og Portúgal. Undanúrslitin fara fram á miðvikudag og fimmtudag. Úrslitaleikurinn sjálfur fer síðan fram á sunnudaginn.

- hbg

Vítaspyrnukeppnin

England - Ítalía:	
0-1 Mario Balotelli	skorar
1-1 Steven Gerrard	skorar
1-1 Riccardo Montolivo	fram hjá
2-1 Wayne Rooney	skorar
2-2 Andrea Pirlo	skorar
2-2 Ashley Young	skot í slána
2-3 Antonio Nocerino	skorar
2-3 Ashley Cole	varið
2-4 Alessandro Diamanti	skorar



orkan.is/sumarleikur



-7 kr.
í 2 vikur



Sumarleikur Orkunnar



Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **7 kr. afslátt** með kortum og lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Afslátturinn gildir á bensinstöðvum Orkunnar og Shell um allt land allan tímann. Vinsamlegast athugið að 7 krónu afslátturinn bætist ekki við annan afslátt.

Orkulykillinn – *hagkvæmasti ferðafélaginn*


ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ÍBV sýndi klærnar fyrir norðan og Þór/KA tapaði sínum fyrsta leik í sumar:

Við vorum kærulausar og lélegar

FÓTBOLTI ÍBV vann frábæran sigur á Þór/KA, 4-1, á Þórsvellinum í gær og varð því fyrsta liðið til að leggja topplið Þórs/KA að velli í sumar. Eyjastúlkur réðu lögum og lofum í leiknum og var sigurinn aldrei í hættu.

ÍBV komst upp í þriðja sætið með sigrinum og er aðeins einu stigi á eftir Þór/KA og Stjörnunni sem verma toppsætið saman.

„Við vorum bara svakalega kærulausar og alls ekki tilbúnar í þennan leik,“ sagði Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari Þórs/KA, í samtali við Fréttablaðið.

„Eyjaliðið er gríðarlega sterkt og við vissum alveg að þetta yrði erfiður leikur, þess vegna er ég virkilega svekkur hvernig við nálgumst þennan leik. Ég vildi óska þess að sannleikurinn væri sá að ÍBV hefði komið okkur eitthvað á óvart en svo var ekki, við vorum einfaldlega lélegar.“

Jóhann segir að með tapinu sé eitt af markmiðum liðsins fokið út um gluggann.

„Það var markmiðið að tapa ekki einum einasta leik á heimavelli á tímabilinu og því er þetta svekkjandi. Núna sést úr hverju liðið er

gert og hvernig við ætlum okkur að svara þessu tapi. Við þurfum að sýna samheldni og karakter og þá hef ég engar áhyggjur. Það geta fimm lið unnið deildina í ár og þetta verður hörð barátta alveg fram í lokaumferðina,“ sagði Jóhann og bætir við að hans lið ætli ekki að gefa eftir.

„Ég held að ekkert lið eigi eftir að stinga af þar sem mörg lið eiga eftir að hirða stig hvort af öðru í sumar. Við ætlum okkur að vera í toppbaráttunni allt tímabilið og höfum alla burði til að landa þessum Íslandsmeistaratitli.“ - sáþ



FAGNAD Eyjastúlkur fögnuðu á Akureyri í gær og fóru heim með öll þrjú stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÚRSLIT

Pepsi-deild kvenna:

Selfoss-Fylkir 1-5
Guðmunda Brynja Óladóttir - Ruth Þórðardóttir 2, Margrét Björg Ástvaldsdóttir, Lovísa Sólveig Erlingsdóttir, Tinna Bjarns Bergþórsdóttir.

Valur-FH 5-1
Elín Metta Jensen 2, Dagný Brynjarsdóttir 2, Rákel Logadóttir - Sigrún Ella Einarsdóttir.

KR-Breiðablik 1-5
Guðrún María Johnson - Fanndís Friðriksdóttir 3, Ella Dís Thorarensen, María Rós Arngrímsdóttir.

Þór/KA-ÍBV 1-4
Kayle Grimsley - Kristín Erna Sigurlásdóttir, Shaneka Gordon, Vesna Smiljkovic, Berglind Björg Þorvaldsdóttir.

Stjarnan-Afturelding 4-1
Harpa Þorsteinsdóttir 3, Ashley Bares - Carla Lee.

STAÐAN:

Þór/KA	7	5	1	1	16-7	16
Stjarnan	7	5	1	1	16-8	16
ÍBV	7	5	0	2	22-9	15
Breiðablik	7	4	2	1	19-7	14
Valur	7	4	1	2	19-10	13
Fylkir	7	2	2	3	8-12	8
FH	7	2	1	4	10-16	7
Selfoss	7	2	1	4	13-30	7
KR	7	0	2	5	8-17	2
Afturelding	6	0	1	5	4-16	1



SCHWEINSTEIGER Getur ekki beitt sér að fullu. NORDICPHOTOS/GETTY

Schweinsteiger meiddur: Ökklinn er að trufla mig

FÓTBOLTI Þýski miðjumaðurinn Bastian Schweinsteiger segist vera í erfiðleikum með ökklann á sér og þess vegna geti hann ekki spilað eins og hann eigi að sér. Hann segist því þurfa að hvíla sig vel eftir EM.

Schweinsteiger var talsvert mikið meiddur í vetur og stóð tæpt að hann gæti farið með þýska liðinu á EM.

„Ef ég á að vera heiðarlegur þá er ökklinn að trufla mig talsvert mikið. Þessi meiðsla hafa verið að trufla mig síðan í febrúar og ég hef ekki fengið tíma til þess að jafna mig almennilega. Vonandi eigum við tvo leiki eftir og í kjölfarið verð ég að fá að hvíla hann betur,“ sagði harðjaxlinn frá Bayern München.

„Ég gat aðeins mætt á lokaæfinguna fyrir leikinn gegn Grikkjum. Ég klúðraði svo nokkrum einföldum sendingum í leiknum sem ég geri aldrei. Ég var nokkuð sáttur við minn leik en leikmaður eins og ég má aldrei klúðra svona einföldum sendingum.“

Þar sem Schweini náði ekki að beita sér af fullu aflí þurfti Sami Khedira að stíga upp og hann gerði það með stæl.

„Hann var virkilega góður og burtséð frá því hvað þið skrifið er engin öfund í gangi. Gengi liðsins skiptir öllu máli hjá okkur.“ - hbj

Skagfirskur

SVEITABITI

Mýksti brauðosturinn
á markaðnum í dag.
Fáanlegur 26% og 17%.



Þrír fyrrum heimsmeistarar frá Ferrari á verðlaunapalli í spænska kappakstrinum:

Alonso bestur í magnaðri keppni

FORMÚLA 1 Spánverjinn Fernando Alonso varð hlutskarpastur á heimavelli í spænska kappakstrinum í gær. Á verðlaunapalli með honum voru tveir gamlir meistarar frá Ferrari – Kimi Raikkonen og Michael Schumacher.

Alonso sýndi miklar tilfinningar eftir spennuþrunginn kappakstur og grét er spænski þjóðsöngurinn var leikinn.

Alonso er fyrsti ökuumaðurinn í ár sem nær að vinna tvær keppni og er kominn með forskot í keppni ökuþóra. Alonso er með 110 stig eða tíu stigum meira en Mark

Webber. „Ég get ekki lýst því með orðum hversu ljúft er að vinna sinn heimakappakstur. Það er mjög sérstakt. Knattspyrnuliðið vann í gær og spænski fáninn alls staðar. Ég er mjög stoltur af því að vera Spánverji í dag og þetta er hugsanlega minn sætasti sigur á ferlinum. Ég gæti ekki verið hamingjusamari,“ sagði Alonso.

Lewis Hamilton er kominn í þriðja sætið með 88 stig en hann féll úr leik í dag er Pastor Maldonado keyrði á hann.

Kimi Raikkonen varð annar og Michael Schumacher þriðji.

Schumacher var á palli í fyrsta skipti síðan árið 2006 og fagnaði hann innilega. Hann byrjaði að keppa aftur árið 2010 og var búinn að bjóða lengi eftir verðlaunasæti.

„Ég var ekkert að hugsa um verðlaunasæti og varð mjög hissa er mér var tjáð er ég kom í mark að ég hefði náð þriðja sæti. Maður missir af því hvar maður er í röðinni enda mikið að gerast á brautinni,“ sagði brosmildur Schumacher sem faðmaði tugi manna áður en hann fór upp á pall og tók við verðlaunum sínum.

- hbg



FERNANDO ALONSO Fagnaði sigrinum vel og innilega á heimavelli í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY



HEITUR Xabi Alonso fagnar öðru marka sinna gegn Frökkum. NORDICPHOTOS/GETTY

Xabi afgreiddi Frakkana:

Nasri vildi slást eftir leik

FÓTBOLTI Miðjumaðurinn Xabi Alonso sá um að skjóta Spánverjum í undanúrslit EM á laugardag. Hann skoraði þá bæði mörk Spánverja í 2-0 sigri á Frökkum.

Það fyrra kom með skalla eftir laglega sókn en hið síðara kom úr vítaspyrnu eftir að brotið var á Pedro. Spánverjar munu mæta nágrönnum sínum frá Portúgal í undanúrslitum.

Frakkar voru arfaslakir í leiknum og langt frá því að vera hressir eftir leik. Samir Nasri var hent á bekkinn þar sem hann hafði verið með leiðindi á æfingu og hann tók mótlætinu illa.

Nasri brjáláðist þegar hann var spurður um viðbrögð eftir leikinn. Lét franskan blaðamann heyra það, kallaði hann hálfvita og bauð honum að lokum í slag.

„Nú geturðu skrifað að ég hafi verið illa alinn upp,“ sagði Nasri brjáláður við blaðamanninn.

Þetta var hugsanlega síðasti leikur Laurent Blanc með franska landsliðinu og hann vildi ekki ræða framtíð sína eftir leikinn.

„Það eina sem ég sé eftir í þessum leik er að hafa gefið Spánverjum mark úr þeirra fyrsta færi. Ef það hefði verið markalaust í leikhléi þá held ég að við hefðum fengið meira pláss í síðari hálfleiknum,“ sagði Blanc en hans menn náðu vart boltanum í leiknum og sköpuðu sér engin færi.

„Við vorum búnir að greina þeirra leik vel og mér fannst strákarnir gefa allt sem þeir áttu í leikinn. Það er bara rosalega erfitt að skapa sér færi og vinna þetta spænska lið. Andstæðingar þeirra eru kannski bara með boltann 30 prósent af leiknum og þann tíma þarf að nýta afar vel. Annars fer illa.“


Alonso var að spila sinn 100. landsleik og varð fyrsti Spánverjinn sem nær að skora í slíkum tímamótaleik. Hann er spenntur fyrir því að mæta félaganum sínum hjá Real Madrid, Cristiano Ronaldo, í undanúrslitaleiknum.

„Við þekkjum hann mjög vel og frammistaða hans á EM hefur ekki komið okkur á óvart. Hann er búinn að spila svona allt árið. Við óttumst hann ekki og þurfum að spila eins vel þá og við gerðum í þessum leik,“ sagði Xabi Alonso.

- hbg

Við bjóðum vaxtagreiðsluþak yfir höfuðið

Vaxtabreytingar geta valdið sveiflum í greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána. Vaxtagreiðsluþak Íslandsbanka veitir skjól ef vextir hækka. Þá jafnast greiðslubyrðin en það sem fer upp fyrir þakið bætist við höfuðstól og dreifist á lánstímann.



Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér nánar skilmála vaxtagreiðsluþaksins og þær tegundir lána sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.

Kostir vaxtagreiðsluþaks

- Léttir greiðslubyrði ef vextir hækka
- Dregur úr óvissu og veitir öryggi
- Lánstími lengist ekki
- Óverðtryggð lán geta hraðað eignamyndun

Ókostir vaxtagreiðsluþaks

- Hluta vaxtagreiðslunnar er frestað
- Höfuðstóll hækkar ef vextir lánsins eru umfram vaxtagreiðsluþakið
- Hærri höfuðstóll hækkar heildarvaxtakostnað lánsins

Allar upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

> Stöð 2 kl. 20.05

Glee

Það verður fjör í Glee á Stöð 2 í kvöld þar sem tekin verða nokkur lög sem Michael Jackson gerði fræg. Það stýttist í stóra söngkeppni og samkeppnin milli New Directions og Warblers hefur aldrei verið meiri. Kurt og Rachel fá fréttir af umsókn sinni í listaháskóla í New York og það hitnar í kol-



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON LES SÉR TIL SKEMMTUNAR

Skruddur í stað sjónvarps

Sjónvarpstækið á heimilinu hefur að mestu verið stillt á RÚV undanfarna daga sökum Evrópumeistarakeppninnar í fótbolta. Ég missti áhuga á keppninni um leið og liðið mitt datt úr henni og því hefur lítið verið um sjónvarpsáhorf hjá mér síðustu daga. Þess í stað hef ég hangið á netinu eða gripið í bók og lesið. Þegar íþróttaviðburðir sem þessi einoka dagskrá ljósvakamiðlana verður maður var við einhverjar óánægjuraddir sem vilja ekki að dagskránni verði raskað. Mér er hins vegar nokk sama því uppi í bókahillu sitja ófáar bækur sem hafa, sumar hverjar, beðið í mörg ár eftir því að verða lesnar. Ég gæti þó hafa ofmetnast lítið eitt því nú er ég í miðju kafi í þremur bókum samtímis og stutt í að Evrópumótinu ljúki.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunundur með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútgápa 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Hringsól 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjómurmar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Fuglarnir 15.25 Fólk og fræði 16.00 Sjödegisfréttir 16.05 Bónði er bústólpi 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Sveiflan sem sigraði heiminn 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 20.00 Leynifélagið 20.30 Bankað upp á 21.30 Kvöldagan: Egils saga 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.25 Gimni, grúsk og glóriur 23.15 Kvik 00.00 Fréttir 00.05 Næturútgápa Rásar 1

RÚV

- 16.35 Leidarljós (Guiding Light)
- 17.20 Sveitasæla (6:20) (Big Barn Farm)
- 17.34 Þetta er ég (7:12) (Her er eg)
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Fréttir og veður
- 18.25 Hin útvöldu (1:2) (De udvalgte) Heimildarmynd í tveimur hlutum um um-sækjendur um nám í Konunglega danska list-dansskólanum. Seinni hlutinn verður sýndur á þriðjudagskvöld.
- 19.30 Er illskan eðlislæg? (Horizon: Are You Good or Evil?) Bresk heimildarmynd um það hvort illska manna sé meðfædd.
- 20.25 Ástarlíf (1:3) (Love Life) Bresk mynd í þremur hlutum. Joe kemur heim úr árs heimsreisu og hittir Lucy, kærustuna sem hann stakk af frá, kasólétta.
- 21.15 Castle (13:34) (Castle) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Veðurféttir
- 22.30 Líðsáukinn (22:32) (Rejseholdet) Dönsk spennuþáttaröð um sérsveit sem er send um alla Danmörk að hjálpa lögreglu á hverjum stað að upplýsa erfið mál. Höfundar eru Mai Broström og Peter Thorsboe. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.30 Luther (4:4) (Luther II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
- 00.25 Fréttir
- 00.50 Dagskrárlok

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.30 Oprah
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (158:175)
- 10.15 Chuck (11:24)
- 11.00 Gilmore Girls (21:22)
- 11.45 Falcon Crest (26:30)
- 12.35 Nágannar
- 13.00 Frasier (23:24)
- 13.25 American Idol (13:40)
- 14.10 American Idol (14:40)
- 15.30 ET Weekend
- 16.15 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágannar
- 17.55 Friends (7:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 The Simpsons (6:22)
- 19.40 Arrested Development (4:18)
- 20.05 Glee (11:22)
- 20.50 Suits (3:12) Ferskir spennuþættir á léttum nótum um hinn eitursnjalla Mike sem hefur haft lífibrauð sitt af því að taka margvisleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Hann nær að útvega sér vinnu hjá einum af bestu og harðsviðuðustu lögræðingunum í New York, Harvey Specter.
- 21.35 Silent Witness (8:12)
- 22.30 Supernatural (18:22)
- 23.15 Flight of the Conchords (3:10)
- 23.45 Two and a Half Men (17:24)
- 00.10 The Big Bang Theory (8:24)
- 00.35 How I Met Your Mother (11:24)
- 01.00 White Collar (16:16)
- 01.45 Girls (3:10)
- 02.10 Eastbound and Down (3:7)
- 02.35 Bones (21:23)
- 03.20 NCIS (8:24)
- 04.05 Chuck (11:24)
- 04.50 Suits (3:12)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Oklahoma - Miami # 6 ef verður Útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Miami Heat. Þetta er sjötti leikur liðanna í úrslitaeinvígi NBA.
- 17.15 Norðurlásmótíð Sýndar svipmyndir frá Norðurlásmótinu á Akranesi þar sem knattspyrnustjómur framtíðarinnar láta ljós sitt skína.
- 18.05 Þýski handboltinn: RN Löwen - Kiel Útsending frá Íslendingaslag Rhein-Neckar Löwen og Kiel í þýska handboltanum.
- 19.25 Oklahoma - Miami # 6 ef verður Útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Miami Heat. Þetta er sjötti leikur liðanna í úrslitaeinvígi NBA.
- 21.15 Pepsi mörkin
- 22.25 Þór/KA - ÍBV

SPORT 2

- 17.45 Man. Utd. - Aston Villa
- 19.30 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1996
- 20.00 Everton - Man. Utd. 11.09.10
- 20.30 QPR - Man. City
- 22.15 Fulham - Newcastle

EXTRA

- 19.30 The Doctors (143:175)
- 20.15 60 mínútur
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 Sprettur (3:3)
- 22.15 Dallas (2:10)
- 23.00 The Killing (7:13)
- 23.45 House of Saddam (3:4)
- 00.45 60 mínútur
- 01.30 The Doctors (143:175)
- 02.10 Íslenski listinn
- 02.35 Sjáðu
- 03.00 Fréttir Stöðvar 2
- 03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Million Dollar Listing (3:9) (e)
- 16.40 Minute To Win It (e)
- 17.25 Dr. Phil
- 18.05 Titanic - Blood & Steel (11:12) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (42:48) (e)
- 19.20 30 Rock (4:23) (e)
- 19.45 Will & Grace (9:27) (e)
- 20.10 90210 (22:24)
- 20.55 Hawaii Five-0 (21:23) Ævintýrin halda áfram í annari þáttaröðinni af þessum vinsælu spennuþáttum um töffarann Steve McGarrett og sérsveit hans sem starfar á Hawaii. Steve og félagi hans Danny Williams eru jafn ólíkir og dagur og nótt en tekst samt að klára málin í sameiningu – allt frá mannránum til hryðjuverka. Sérsveitin glímir við hryðjuverkamann sem hótar að sleppa út banvænna veiru ef ekki er komið til móts við hann.
- 21.45 Camelot (3:10) Ensk þáttaröð sem segir hina sígildu sögu af galdrakarlunum Merlin, Arthúri konungi og riddurum hringborðsins.
- 22.35 Jimmy Kimmel Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs.
- 23.20 Law & Order (15:22) (e)
- 00.05 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny (3:8) (e)
- 00.30 Hawaii Five-0 (21:23) (e)
- 01.20 The Bachelor (4:12) (e)
- 02.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.30 Travelers Championship - PGA Tour 2012 (2:4) 10.30 US Open 2012 (4:4) 16.35 Inside the PGA Tour (25:45) 17.00 Travelers Championship - PGA Tour 2012 (3:4) 22.00 LPGA Highlights (11:20) 23.20 Golfing World 00.10 ESPN America

N4

18.00 Að norðan

BBC entertainment

- 11.35 QI 12.05 QI 12.35 Keeping Up Appearances 13.05 Keeping Up Appearances 13.35 My Family 14.10 My Family 14.40 The Best of Top Gear 15.30 QI 16.00 QI 16.30 Come Dine With Me 17.20 The Graham Norton Show 18.05 QI 18.40 QI 19.10 The Best of Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 Peep Show 21.15 Twenty Twelve 21.45 The Royal Bodyguard 22.14 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 23.00 The Best of Top Gear 23.50 Live at the Apollo 00.35 Peep Show 01.00 Twenty Twelve

DR 1

- 11.00 Ha' det godt 11.30 Søren Ryge direkte 12.00 Ved du hvem du er? 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Jamie Oliver í 14.00 Kasper & Lise 14.10 Timmytid 14.20 Postmand Per: Specialposttjenesten 14.35 Ni Hao, Kai-Lan 15.00 Hun så et mord 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Athenshowet 18.00 Kyst til kyst 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 20.15 Kriminalkommissær Foyle 21.50 Kidnappet 22.35 Lægeme 04.00 Penelope

NRK 1

- 13.00 NRK nyheter 13.05 Sjukhuset i Aidsensfield 14.00 NRK nyheter 14.05 Matador 15.00 NRK nyheter 15.10 Grønn glede 15.35 Grønn glede 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Tegnspråknytt 16.10 Team Bachstad 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Lyngbo og Hæland's Big Bang 18.20 Program ikke fastsatt 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21.30 Sommeråpent 20.15 Boardwalk Empire 21.10 Kveldsnytt 21.25 Trial & retribution 22.55 Legendariske kvinner 23.45 Etter Rubicon

svt1

- 11.05 Gravid i höga klackar 11.50 Att fånga en fjärl 12.20 När syrenerna blommar 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Engelska Antikundan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Där ingen skulle tro att någon kunde bo 16.45 Matlagning enligt Heston 17.10 Kulturnyheterna 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 18.00 Kören 19.00 Borgen 20.00 Här har du din mat 20.30 Hemlös 21.00 Rapport 21.05 Kulturnyheterna 21.15 Sucker free city

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 3 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldum íslenskt

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM							
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 100,5 Kaninn	FM 102,9 Lindin	FM 105,5 Útvarp Boðun
FM 90,1 Rás 2	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,2 Útvarp Latibær		

Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FALA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhelli 2 221 Hafnarfjörður	Hrísmýri 8 800 Selfoss	Malarhöfða 10 110 Reykjavík	Berghólabraut 9 230 Reykjanesbær	Sími 4 400 400 www.steypustodin.is
-----------------------------------	---------------------------	--------------------------------	-------------------------------------	---------------------------------------



FOSCAM

öryggismyndavélar



Fjarstýrð
Pan / Tilt



Práðlaus
samskipti



Greinir hreyfingu
og sendir boð



Hljóðnemi
og hátalari



Nætursjón



Verð: 34.750 kr.

Foscam er leiðandi á sínu sviði með mest seldu öryggismyndavélar í Bandaríkjunum.



Kíktu heim



Eirberg

-gæsla og öryggi

- Práðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma
- Myndavél fjarstýrð með símanum
- Sendir myndir í tölvupósti við hreyfingu
- Nýjasta tækni í myndgæðum
- Einföld uppsetning – Íslenskar leiðbeiningar
- Gæsla í þínum höndum – Engin áskriftargjöld

- til öryggis

➤ Verslaðu á vefnum ➤ Frí sending að 20 kg ➤ 1 árs skilaréttur

Þjóðum úrval öryggis- og eftirlitsmyndavéla frá Foscam til notkunar innandyra og utan. Verð frá 19.750 kr.
Bendum á reglur um rafræna vöktun á personuvernd.is

foscam.is

í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





„Mér finnst auðveldast og best að grilla íslenskar pylsur og pylsubrauð. Það er best á grillið á góðum sumardeg.“

Eysteinn Guðni Guðnason kvikmyndagerðarmaður og fjársjóðsfeitari.

Einn sá besti kennir á Íslandi

„Hann er einn af þeim bestu í heiminum. Það er svakalega flott fyrir skólann að fá hann til landsins,“ segir Guðfinnur Karlsson.

Gracie Jiu-jitsu-skólinn í Garðabæ stendur fyrir komu heimsþekkta bardagakappans Andre Galvano til Íslands. Hann dvelur hérna frá 28. júní til 2. júlí og ætlar að halda þriggja daga æfingabúðir í samtals tólf klukkustundir fyrir áhugasama iðkendur bardagaiþróttu. Galvano fæddist í Brasilíu 1982 og er tvöfaldur heimsmeistari svartbeltinga í brasilísku jiu-jitsu, auk þess sem hann hefur unnið mörg fleiri verðlaun.

Með honum koma til landsins þrír

aðrir sem eru með svarta beltið í jiu-jitsu, þeir Pedro Sauer, Allan Manganello og Mike Horihan. Aldrei hafa áður komið jafn margir svartbeltingar til kennslu hérlendis.

Æfingabúðirnar verða haldnar í Ásgarði, íþróttamiðstöð Garðabæjar, frá kvöldi föstudagsins 29. júní til eftirmiðdags á sunnudegi 1. júlí. Áhugasamir iðkendur jiu-jitsu sem og aðrir bardagakappar eru hvattir til að taka þátt. „Það er öllum velkomið að koma. Fyrir þá sem hafa áhuga á slagsmálaíþróttum er þetta kallinn til að taka í höndina á,“ segir Guðfinnur.

Nánari upplýsingar má finna á Gracie.is. - fb



TIL ÍSLANDS Andre Galvano ætlar að kenna Íslendingum réttu handtökin um næstu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

PHILIPS LED SJÓNVÖRÞ EM TILBOÐ

PHILIPS
sense and simplicity

VERÐ 249.995
FRÁBÆRT VERÐ

Philips 40PFL5507T

- 40 3D Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 2D-3D conversion (2D í 3D)
- 400Hz Perfect Motion
- 4 HDMI og 3 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Wi-Fi þráðlaus móttakari
- Skype möguleiki

FÆST EINNIG Í 46" Philips 46PFL5507T 299.995

3D BLU-RAY SPILARI FYLGIR TÆKJUNUM

Heimilistæki ht.is

SPILASTOKKAR FRÁ HUGLEIKI Hugleikur Dagsson hefur sent frá sér spilastokk og líkt og von er á inniheldur sá stórskemmtilegar myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HUGLEIKUR DAGSSON: GERÐI TAROTSTOKK SEM ER LÍKA SPILASTOKKUR

Ást, hatur og náttúra í spilastokki Hugleiks

Hugleikur Dagsson hefur sent frá sér spilastokk sem myndskreyttur er með verkum eftir hann. Myndirnar teiknaði hann á síðasta ári og að hans sögn koma þær flestar tilveru okkar manna við.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að taka fyrir hluti sem eru innan einhverra marka, eins og dauðsýndirnar sjö eða boðorðin tíu, og langaði mikið að gera tarot-spilastokk. Ég var bara ekki nógu vel að mér í þeim spilum og ákvað í stað-

inn að gera minn eigin tarotstokk sem væri jafnframt hefðbundinn spilastokkur,“ útskýrir Hugleikur.

Stokkurinn inniheldur fimmtíu og tvær myndir auk jókera og segir Hugleikur myndirnar allar tengjast tilveru okkar manna. „Þannig teiknaði ég hatur, ást, vísindi, náttúra og gleði svo fátt eitt sé nefnt. Ég bjó líka til mitt eigið tarotkerfi þannig að fólk geti spáð fyrir sér,“ segir hann.

Spilastokkarnir verða fáanlegir

í bókabúðum og minjagripaverslunum auk þess sem Hugleikur mun selja þá á ferðalagi sínu um landið, en hann var á leið austur á Seyðisfjörð ásamt tónlistarmanninum Snorra Helgasyni þegar Fréttablaðið náði af honum tali og verður á Patreksfirði í kvöld.

„Ég er á uppstands- og tónleikatúr um landið með Snorra. Ég er með uppstand á dónalegri nótnum og Snorri spilar svo hugljúfa tóna á eftir.“ sara@frettabladid.is

Krummi í leikstjórástólinn

Krummi Björgvinsson tónlistarmaður vinnur nú að myndbandi við lagið City með hljómsveit sinni Legend. Myndbandið var tekið upp á þjóðhátíðardaginn og segist Krummi hafa lært á upptöku-græjuna jafnóðum.

„Ég vopnaði mig með einni „kameru“, tveimur karakterum og aðstoðarmanneskju og eyddi sautján ándanum á hlaupum um bæinn. Ég hafði vonast til að fleira fólk væri í bænum þennan dag, en því virðist fara fækkandi ár hvert,“ segir söngvarinn. Myndbandið segir frá ungu og ástföngnu pönkara-pari sem býr á götunni og fer um bæinn og stelur sér til matar ásamt því að taka þátt í hátíðarhöldunum. „Þau lenda svo upp á kant hvort við annað og rífast en allt endar þó vel. Sagan er svolítið klisjuleg en efnið er myndrænt og flott.“

Krummi nýtur liðsinnis tveggja vina sinna við gerð myndbandsins því Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stíliseraði klæðnað pönkaranna og kvikmyndagerðarmaðurinn Frosti Jón Runólfsson mun aðstoða hann við eftirvinnslu.

„Frosti mun klippa þetta með mér og verður á tökkunum á meðan ég verð í hlutverki „backseat driver“. Mér fannst þetta helvíti skemmtilegt verkefni og mun því eflaust gera meira af þessu í framtíðinni. Það væri líka gaman að prófa að gera myndbönd fyrir aðra,“ segir hann.



LEIKSTYRIR Krummi Björgvinsson leikstýrir myndbandi við lag eftir hljómsveit sína, Legend. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsta plata Legend, Fearless, hefur fengið prýðisgóða dóma hjá gagnrýnendum og segist Krummi ekki óttast gagnrýnisráddir þegar myndbandið verður frumsýnt síðar í sumar. „Ég reyni fyrst og fremst að gera bara það sem mér finnst sjálfum flott og treysti á þrenni í þeim efnum; innlifun, sannfæringu og einlægni. Sé það til staðar held ég að það skili sér til fólks. Annars á það bara eftir að koma í ljós hvað fólk finnst, sjálfum finnst mér efnið flott og ég er ánægður með það.“ - sm

BARILLA, MEST SELDA PASTA Á ÍTALÍU



Spagetti með basilíku

500 g Barilla spagetti
400 g Barilla Basilico sósa



Hitið Barilla Basilico sósuna í nokkrar mínútur.
Sjóðið á meðan Barilla spagettið í stórum potti með söltu vatni í 5 mínútur. Hellið vatninu af og hellið Barilla Basilica sósunni út í.



Ráð ítalska kokksins: Skerið 200 g af sveppum í sneiðar og léttsteikið í jómfrúarólífíuolíu í nokkrar mínútur. Bætið Barilla Basilico sósunni út í. Stráið fínhökkuðum, þurrkuðum tómötum yfir.




THE TASTE OF ITALY

FRÉTTIR AF FÓLKI

Í þyrluferð með syninum

Eins og flestum er kunnugt er leikarinn **Tom Cruise** á landinu við tókur á myndinni *Oblivion*. Þó að tókudagar séu langir og strangir fékk Cruise son sinn Connor Anthony í heimsókn um helgina. Connor er 17 ára gamall og gisti með föður sínum á Hótel Hilton Reykjavík Nordica en á föstudaginn fóru feðgarnir saman í útsýnisþyrluferð um landið. Tökulið *Oblivion* færði sig í lok vikunnar frá Mývatns-öræfum suður að Veidivötnum og nágrenni þar sem tókur fara fram næstu daga.



Kristinn klappaði Kristínu

Kristín Ingólfssdóttir háskólaeinktor stóð í ströngu á laugardag, þegar 1900 kandiðatar voru brautskráðir frá Háskóla Íslands. Undir venjulegum kringumstæðum tekur rektor í hönd hvers einasta kandiðats en í þetta skiptið var það ekki í boði þar sem Kristín var með hægri höndina í fatla. Hún kinkaði því kolli til hvers og eins og kinkuðu kandiðatarnir kolli á móti. Einn kandiðatanna heilsaði rektor þó með kumpánlegri hætti, en það var **Kristinn H. Gunnarsson** fyrrverandi alþingismaður. Kristinn hefur frá því hann hætti á þingi numið ensku og þýsku og brautskráðist með BA-próf á laugardag. Hann þakkaði rektor fyrir sig með því að klappa henni á öxlina.



Mest lesið

- 1 Prekvirki kinvverskra geimfara
- 2 Verulegt tjón eftir bruna
- 3 Fótbrotin á Esjunni
- 4 Herðis og Andrea vilja opið bókhald
- 5 Uppgötvuðu undarlegt sólkerfi
- 6 Orrustuþota Tyrkja var í alþjóðlegri lofthelgi

ÞEKKIR ÞÚ BLÓMIÐ?



www.forlagid.is

Til hamingju hlaupararar

Bestu þakkir til allra þeirra 1990 þátttakenda sem gerðu gott hlaup frábært. Sjáumst að ári.

MIDNÆTUR HLAUP

SUZUKI

21. júní 2012



SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS